

VIL ÖGRA SJÁLFRI MÉR

Það er hvetjandi og ógnvekjandi í senn að leikstýra verki sem allir elska, segir Selma Björnsdóttir sem stýrir Karde-mommubæ um þessar mundir.



VIÐTAL 16

AUKIN ÁSÓKN Í ANDLEG MÁLEFNI

Viðtal 24



KREPPAN INNBLÁSTUR TÍSKUHÖNNUÐA

TÍSKA 48



Min Borg ferðablað
Icelandair fylgir með
Fréttablaðinu í dag.
GEYMIÐ BLAÐIÐ

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

31. janúar 2009 – 28. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

YFIRHEYRSLA 28



Keypti sér smurt brauð á 4.000 kr. í Danmörku

SJÁLFSTÆÐISMENN 20


Efnahagshrunið er arfleifðin



ALLT BREYTT 26

Hallgrímur Helgason kveður gamla Ísland

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG



50%
afsláttur
af öllum
vörum

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN
568 9234

SMÁRALIND
544 2410



GENGIÐ TIL GÓÐS Skíðaganga er vinsælduð um heim, einkum á Norðurlöndum og í norðanverðri Evrópu. Gangan hefur ekki notið viðlíkra vinsælda hér á landi, og má vafalaust rekja þá staðreynd til rýsjóts veðurfars og þeirra erfiðu aðstæðna sem því vilja fylgja. Þessir tveir hraustu menn blésu þó á allar bábiljur þegar þeir skíðuðu á Miklatúni í fallegu janúarveðri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilja skýrarar tillögur í efnahagsmálum

Framsóknarmenn neituðu að skrifa undir málefnsamning Samfylkingarinnar og VG í gær. Þeir vilja skýrari tillögur í efnahagsmálum og hafa ákveðnar hugmyndir í gjaldmiðlamálum. Óvíst er hvenær ný stjórn verður kynnt.

STJÓRN MÁL Málefnsamningur Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hlaut ekki náð fyrir augum framsóknarmanna. Því varð ekkert úr því að ný ríkisstjórn yrði kynnt við stytta Jóns Sigurðssonar á Austurvelli eins og samfylkingarfólk og VG höfðu gert ráð fyrir.

Efnahagsmálin eru ásteytingarsteinninn. Framsóknarmönnum finnst ekki nægilega skýrt kveðið á um leiðir til að mæta vanda heimila og fyrirtækja. Þá hafa þeir einnig ákveðnar hugmyndir um gjaldmiðilsmálin, en ekki hafa fengist skýr svör við því um hvaða hugmyndir er að ræða.

„Það vantar töluvert upp á að það sé búið að útlista raunhæfar leiðir að þeim markmiðum sem við erum þó sammála um,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, þegar hann

gerði blaðamönnum grein fyrir ákvörðun flokksins.

Þessi ákvörðun Framsóknarmanna þýðir að flokkurinn er í raun kominn í stjórnarmyndunarviðræður með hinum tveimur flokkunum. „Það varð úr að við myndum koma með okkar eigin tillögur til að ná þessum markmiðum,“ sagði Sigmundur Davíð. Hann sagði að þegar þær lægju fyrir myndi flokkurinn kynna þær Samfylkingu og Vinstri grænum. „Þær verða svo væntanlega settar inn í þá vinnu sem í hönd fer,“ bætti hann við. Hann taldi því raunhæft að ætla að ný ríkisstjórn yrði mynduð á mánudag þótt Jóhanna Sigurðardóttir, forsetaráðherraefni Samfylkingar, og Steingrímur Sigfússon, formaður Vinstri grænna, hefðu lýst því yfir í gær að ríkisráðsfundur nýrrar ríkisstjórnar yrði í dag.

Þingflokkur Framsóknarflokksins kemur saman í dag og miðstjórnin á morgun.

Framsóknarmenn voru einnig óánægðir með að fá málefnsamninginn til undirritunar klukkan hálf tvö í gær en búið var að áætla nokkuð hraða atburðarás. Ljóst mátti því vera að ekki var ætlast til þess að flokkurinn hefði mikinn tíma til að taka afstöðu til samningsins.

Eins eru þeir óánægðir með að hafa heyrt af fyrirætlunum stjórnarflokka í fjölmiðlum. Þar var meðal annars gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin yrði kynnt við stytta Jóns Sigurðssonar klukkan sex. Eins var Samfylkingin búin að auglýsa flokksstjórnarfund klukkan fjögur á Nasa þar sem kynna átti sáttmálann. Hann verður haldinn fyrir hádegi í dag. - jse

Hjörleifur Jakobsson:

Mesta tjónið út af IceSave og SÍ

EFNAHAGSMÁL Hjörleifur Jakobsson, fyrrverandi stjórnarmaður í Kaupþingi, gagnrýnir fjölmiðla-umfjöllun um Kaupþing í grein í Fréttablaðinu og segir hana ósanngjarna.

Hjörleifur skrifar að fjárhagslegt tjón sem íslenska þjóðin hlýtur vegna bankahrunsins stafi fyrst og fremst af IceSave-reikningum Landsbankans og ónýtum gjaldmiðli af völdum óskynsamlegrar peningamálastefnu Seðlabanka Íslands.

Hann bendir á að útlit sé fyrir að allar innistæður í Kaupþingi fái greiddar, öfugt við innstæður dótturbanka annarra íslenskra banka. Þá þurfi þjóðin ekki að borga krónu vegna Kaupþing Edge, en gæti hins vegar setið upp með reikning upp á 300 til 500 milljarða króna vegna IceSave-reikninganna. sjá síðu 13

Framsóknarflokkurinn:

Práinn fer fram

STJÓRN MÁL „Auðvitað vil ég bjóða krafta mína fram fyrir flokk



PRÁINN BERTELSSON

sem ætlar sér að endurnýja flokkakerfið á Íslandi og gangast fyrir siðbót í stjórn málum,“ segir Práinn Bertelsson rit höfundur. Práinn stefnir á að taka efsta sæti á lista Framsóknarflokksins í öðru hvoru Reykjavíkurborgardæmanna í komandi alþingiskosningum. „Ég er kominn yfir hestasveinsaldurinn og sækist því eftir að leiða lista,“ segir Práinn. Hann sagði sig úr Framsóknarflokkinum vegna Íraksstríðsins en er nú kominn heim. „Römm er sú taug...“ - jbg / sjá síðu 62

30% afsláttur



Porto lyftstóll
leður - aðeins kr. 168.820,-
Ekki missa af þessu!

Betra
BAK

bygggt og búið Í SMÁRALIND LOKAR

RÝMINGARSALA Á ÖLLUM VÖRUM Í ÖRFÁA DAGA

Heilbrigðara Internet

Þrjár síur Netvarans sjá um að útiloka efni sem þú telur óæskilegt:

- 1 Barnaklám, nýsnaforrit, vefi sem villa á sér heimildir eða stela persónuupplýsingum.
- 2 Klámfengið efni, upplýsingar um eituryf, áhættuspil, hatursáróður, kynþáttafordómar, smekkleysa, ofbeldi og ólöglegt efni bætist við síu 1.
- 3 Leikir, skrárdeilisíður (P2P) og síður sem aðstoða við tölvuglæpi bætast við síu 2.

Einnig má takmarka aðgang að samskiptaforritum á borð við MSN.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn** 



Sími



Netið



Sjónvarp



Svona tengir þú Netvarann:

Þú setur Netvarann í gang með fáeinum músarsmellum á siminn.is eða með einu símtali í 800 7000. Að því loknu er nettenging heimilisins varin gegn óæskilegu efni á Internetinu.

STÓRI MITSUBISHI DAGURINN ER Í DAG



Nýr Lancer Evo X

Einstakt villidýr sem færir þér 295 hestöfl. Sannir akstursmenn hafa aldrei séð annað eins.

Frumskýnum þjá stórglæsilega bíla frá Mitsubishi



Nýr Lancer Sportback

Framúrskarandi hönnun þessa fimm dyra fjölskyldubíls gerir hann einstakan í sinni röð.



Nýr Colt Ralliart

Smábíllinn með stóra hjartað. Glæsileg og svipsterk sportútgáfa af Colt.

Tilboð fyrir Mitsubishi eigendur

Þú færð ókeypis sjö punkta ástandsgreiningu, með áfyllingu á rúðuvökva í dag og veglegan afslátt af varahlutum og þjónustu á verkstæðinu til 15. apríl.



Skoðu nýja stórglæsilega sýningar- og þjónustumiðstöð Mitsubishi við Laugaveg.

Í dag er stór dagur fyrir Mitsubishi á Íslandi. Við frumsýnum þjá nýja bíla og opnum ný heimkynni Mitsubishi við Laugaveg, þar sem úrvalið nýtur sín til fulls. Þjónustan við hinn stóra hóp Mitsubishi eigenda verður enn betri í nýjum húsakynnum, öflugt þjónustuborð með móttöku fyrir sérhæft verkstæði og fleira. Komdu og skoðu glæsilegt úrval af bílum í frábæru umhverfi.



Kaffi á könnunni. Opnið frá 12 til 16 í dag.

Reynslan er góð!
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt





einfaldlega betri kostur

ÚTSALA

Í FULLUM GANGI

© ILVA Ísland 2009



153 x 203 cm
nú **83.900,-**
SPARAÐU 46.000,-

Silence Classic Unique. Einföld pokafjöðrun ásamt 6 laga svampi. 153 x 203 cm. Verð 129.900,- **NÚ 83.900,-** 183 x 203 cm. Verð 149.900,- **NÚ 96.900,-**

25 ára ábyrgð á broti á grind og fjöðrum

35%

af Silence Classic og Exclusive dýnum

Skoðaðu nýja útsölu-bæklinginn á www.ilva.is



153 x 203 cm
nú **99.900,-**
SPARAÐU 60.000,-

Silence Exclusive. Tvöfallt pokafjöðrakerfi, ásamt 3ja laga svampi. 120 x 203 cm. Verð 139.900,- **NÚ 89.900,-** 153 x 203 cm. Verð 159.900,- **NÚ 99.900,-**

25 ára ábyrgð á broti á grind og fjöðrum



50% afsláttur af völdum lömpum og ljósum



nú **7.450,-**
SPARAÐU 7.450,-

Trendy. loftljós. Króm/ópal. Ø30, L. 32 cm. Verð 14.900,-

nú **149.900,-**
SPARAÐU 30.000,-



Carrino. Sófalína, ljóst leður. 3ja sæta. L. 228 cm. Verð 179.900,- **NÚ 149.900,-** 2½ sæta. L. 206 cm. Verð 159.950,- **NÚ 139.950,-**

nú **49.900,-**
SPARAÐU 17.000,-



Contract. Skrifborð háglans hvítt, m/2 skúffum. 158x65 cm. Verð 66.900,- **NÚ 49.900,-**
Spinn, skrifstofustóll. Verð 54.900 **NÚ 39.900,-**

nú **3.490,-**
SPARAÐU 1.500,-



Casablanca. Sængurverasett. 140x200 cm. Verð 4.990,-

LAGERSALA

- Aðeins þessa helgi.
- Lítið útlitsgölluð húsgögn og gjafavara.
- Takmarkað magn.



ILVA kaffi
Tertusneið og kaffi / mjólkurglas. **490,-**

VISA Lán

- VAXTALAUST

Þjódum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

www.ilva.is

shop online



sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardag **10-18** sunnudag **12-18** mánudaga - föstudaga **11-19**



- 1 Hvaða þjóð Evrópu notaði greiðslukort oftast í fyrra?
- 2 Er ólöglegt að brenna fána NATO?
- 3 Fyrir hvaða ummæli var Gaukur Úlfarsson sýknaður í Hæstarétti í vikunni?

SVÖRIN ERU Á Síðu 66

Sagnfræðingur um ummæli Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, við BBC:

Óvenjulegt og fordæmalaust

STJÓRNMÁL „Ég held að það megi fullrða að fyrri forsetar hafi ekki tjáð sig svona um verkefni og vandamál væntanlegrar ríkisstjórnar,“ segir Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagði í viðtali við BBC á þriðjudag að eitt af meginverkefnum nýrrar ríkisstjórnar yrði að gera breytingar á yfirstjórn Seðlabankans, og lögum um bankann.

Kannski má segja að Ólafur hafi bara verið að bergmála skodanir sem stjórnmálaforingjar hafi verið að setja fram, og að þeir flokkar sem nú stefna



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON



GUÐNI TH. JÓHANNESSON

að því að mynda minni-hlutastjórn hafi sagt þetta brýnasta verkefnið, segir Guðni.

„Þetta er óvenjulegt og fordæmalaust,“ segir Guðni. Annaðhvort sé forsetinn með þessu að gerast nokkurs konar upplýsinga-fulltrúi þeirra sem nú séu að mynda stjórn, eða hann líti á sig sem geranda í

íslenskum stjórnmálum.

Guðni tekur fram að þótt þetta sé óvenjulegt sé forsetaembættið ekki njörvað niður, og því ekkert sem banni Ólafi Ragnari að tjá sig með þessum hætti. Það sé svo kannski kjósenda að meta hvort þetta sé jákvæð eða neikvæð þróun í næstu kosningum. - bj

Næsti seðlabankastjóri:

Ekkert verið rætt við Má

STJÓRNSÝSLA Már Guðmundsson, fyrrum aðalhafstjóri Seðlabanka Íslands, sagði í gærmorgun að enn hefði ekki verið rætt við sig um að taka að sér stöðu seðlabankastjóra.

Már hefur verið nefndur sem líklegur til þessa, bæði í fjölmiðlum og meðal hagfræðinga sem Fréttablaðið hefur talað við. Sjálfur bendir hann á að starf sitt núverandi, sem aðstoðarframkvæmdastjóri á peninga- og hagfræðisviði Alþjóðagreiðslubankans í Sviss, sé mjög mikilvægt og að fjölskylda hans hafi komið sér vel fyrir þar. Hann muni þó veita og meta málið, komi það upp. - kóp

VR óskar eftir samstarfi við ferðapjónustuaðila

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum, orlofsíbúðum eða hótélherbergjum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er bæði eftir húsnæði á landsbyggðinni og í höfuðborginni. Áhugasamir sendi upplýsingar á vr@vr.is, fyrir 12. febrúar nk.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að liggja fyrir: Lýsing á eign og því sem henni fylgir, ástand hennar, staðsetning, stærð, aldur og fjöldi svefnpláss. Auk þess skal fylgja lýsing á útivistarmöguleikum og afþreyingu í næsta umhverfi. Æskilegt er að myndir og lýsing á umhverfi fylgi með.

Öllum tilboðum verður svarað.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

ROSSIGNOL
SNOWBOARDS

30%
afsláttur af
brettapökkum
Brettadeildin er í Kringlunni.

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF



UPPLÁTTUR Fréttin var burðarfrétt á forsiðu The Guardian. Aðrir helstu fjölmiðlar Bretlands fylgdu henni síðan eftir.

ESB-aðildar-umsókn fengi flýtiafgreiðslu

Blaðið The Guardian sló því upp að háttsettir menn í Brussel hefðu staðfest að Íslandi stæði til boða flýtiafgreiðsla inn í Evrópusambandið. Ísland gæti því gengið í sambandið samtímis Króatíu árið 2011.

EVROPUMÁL Í höfuðstöðvum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Brussel eru menn viðbúinir því að bregðast skjótt við, ákveði Íslendingar að sækja um aðild að sambandinu eftir komandi þingkosningar. Þetta hefur breska



OLLI REHN

blaðið The Guardian í gær eftir háttsettum heimildarmönnum bæði í Brussel og Reykjavík. „Aðildarumsókn yrði mjög vel tekið í Brussel og aðildarviðræðum, sem að öllu jöfnu taka mörg ár, yrði flýtt þannig að Ísland gæti orðið 29. aðildarríki ESB á metttíma, sennilega árið 2011,“ segir þar. Blaðið hefur eftir Olli Rehn, stækkunarmálastjóra ESB, að „sæki Ísland um fljótleiga og aðildarviðræður ganga vel, þá geta Ísland og Króatía fengið innngöngu samtímis.“ Gert er ráð fyrir að aðildarsamningur Króatíu, sem hefur verið unnið að síðan árið 2003 og er að komast á lokastig, gangi í gildi í ársbyrjun 2011.

Þessu mati sínu hefur Rehn reyndar ítrekað lýst áður, nú síðast á málundi í Osló í desember, sem Íslendingar sátu einnig í gegnum fjarfundabúnað í Háskólanum í Reykjavík.

Guardian segir fleiri háttsetta fulltrúa ESB líta málið sömu augum og Rehn. Vegna smæðar íslenska hagkerfisins myndu núverandi efnahagsþrengingar

hérlandis heldur ekki hafa nein teljandi áhrif á heildarhag ESB; í Brussel væri alla vega sú skoðun ríkjandi að það væri ávinningur fyrir sambandið að fá Ísland til liðs við það.

Bæði núverandi formennskubjóð, Tékkar, og sú næsta, Svíar, eru mjög áfram um frekari stækkun sambandsins og myndu beita áhrifum sínum til að liðka fyrir aðildarviðræðum við Ísland.

Á Evrópufréttavefnum euractiv.eu var í gær enn fremur sagt frá því að ESB hefði aðra ástæðu til að hafa áhuga á að aðildarsamningur yrði snarlega gerður við Ísland. Hún er sú að þær breytingar sem leiðtogar ESB hafa nú heitið Írum að gerðar verði á Lissabonsáttmálanum svonefnda verði lögleiddar með því að hengja þær við næsta aðildarsamning. Þannig spari sambandið sér að þurfa að endurtaka allt fullgildingarferlið fyrir sáttmálan sjálfan. Þess er vænst að Írar kjósi aftur um staðfestingu Lissabonsáttmálan í haust, eftir að fundin hefur verið leið til að innleiða umræddar breytingar.

Í augum margra ráðamanna ESB eru bæði þessi mál líka nátengd, uppfærsla og fullgilding Lissabonsáttmálan annars vegar og samningar um aðild nýrra ríkja hins vegar. Ástæðan er sú að þeir telja sambandið ekki geta fjölgað aðildarríkjum fyrr en innleiddar hafa verið þær uppfærslur á ákvarðanatöku og stofnanakerfi sambandsins sem í hinum nýja sáttmála felast. audunn@frettabladid.is

HÚFUR Á
500kr

CAMO
VEIÐJAKKAR

50%
AFSLÁTTUR

ÚTSÖLULOK
ENN MEIRI AFSLÁTTUR

30-60%

FATNAÐUR Á
TILBOÐSSLÁM

500Kr.
1.000Kr.
2.000Kr.

FRÁBÆRT
ÚRVAL AF SKÓM
STÖK PÖR MEÐ

50%
AFSLÆTTI

ÚTSÖLUNNI
LÝKUR Á
SUNNUDAG

 **INTERSPORT**


INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 - 18
INTERSPORT SMÁRALIND SÍMI 585 7240 Mán. - föstud. 11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 13 - 18
INTERSPORT LINDUM SÍMI 585 7260 Mán. - föstud. 11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 12 - 18



ÁRI NAUTSINS FAGNAÐ Á þriðjudaginn fagnaði þessi maður nýju ári nautsins í Peking, og skryddist höfuðbúnaði í nautslíki í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Neytendur: Hvernig á að velja ávexti?

Kreista, þefa og skoða lit ávaxtanna



DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða spamaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Það er eins gott að vanda valið þegar keyptir eru rándýrir innfluttir ávextir. Ég ráðfærði mig við Netið og Benediktu í Maður lifandi og spurði hvernig ætti að velja ávexti. Þetta er auðvitað allt spurning um að finna hæfilega þroskaða ávexti, ekki glerharða óþroskaða og ekki lina, blettótta og ofþroskaða. Það þarf því að kreista aðeins, skoða lit og lykta, en auðvitað án þess að skemma fyrir öðrum. Lífrænir ávextir smakast yfirleitt betur en eru því

miður allmikið dýrari. Hér eru nokkur dæmi, frekari upplýsingar eru til dæmis á thefruitpages.com.

■ Melónur – Því gulari sem melónan er því betra. Græn er óþroskuð. Ýta skal með þumlum á enda melónunnar og ef hún lætur aðeins undan er það merki um góða melónu.

■ Vatnsmelónur – Því dökkgrænni og stærri því betri. Klappaðu vatnsmelónu létt með flötum lófa, djúpur þykkur tónn þýðir góð melóna.



MELÓNA Gefur hún eftir á endunum?

■ Avókadó – Ávöxturinn dökknar við þroska. Glerhart grænt avókadó er ekki nothæft en avókadó sem lætur aðeins undan þegar ýtt er á er gott. Óþroskaðir ávextir þroskast þó að sjálfsögðu á eldhúsbörðinu heima hjá þér.

■ Appelsínur – Því þéttari börkur því betri og þungar appelsínur miðað við stærð eru betri.

■ Ananas – Því gulari því betri. Ef stilkarnir losna auðveldlega af þegar maður tekur í þá er ávöxturinn líklega góður.

■ Jarðarber – Þessi stóru ílöngu sem stundum fást eru bragðlítill og seig. Minni ber eru betri.

■ Mangó – Leiðið að hnöttóttum frekar en þunnum og flötum. Mangóið þarf að gefa aðeins eftir sé á það þrýst.

ÓTAL GERÐIR HREINDÝRARIFFLA
frá: Mossberg, Remington, Marlin, CZ, Sako, Tikka, Weatherby og Fabarm.

Verð frá: **59.900**

Remington Marlin Weatherby FABARM CZ sako

INTERSPORT VEIÐIDEILD
Lindum Skógarlind 2 – sími 585 7260
Húsgagnahöllinni Bildshöfða – sími 585 7239



VINNUMIÐLUNIN Á ENGJATEIG Rúmlega þrettán þúsund manns voru í gær skráðir atvinnulausir. Ríflega átta þúsund karlar og tæplega fimm þúsund konur.

Atvinnulausir þurfa að vera virkir áfram

Atvinnulausir þurfa að halda rúttinu og vera virkir í gegnum námskeið og tómsundastarf. VR býður þegar upp á slíka starfsemi og má búast við að fólk fjölmenni í gönguhópa og á ýmis námskeið.

VINNUMARKAÐUR Mestu skiptir að halda rúttinu, vakna á morgnana, hreyfa sig, hitta fólk, nýta sér námskeið og tómsundastarf fyrir atvinnulausa

og stunda uppbyggjandi starfsemi. Á höfuðborgarsvæðinu er víða verið að undirbúa námskeiðahald og tómsundastarf fyrir atvinnulausa en einna lengst er það komið hjá VR

þar sem búið er að semja um námskeiðahald og tómsundastarf fyrir atvinnulausa. Gönguhópur hittist reglulega og leiklistin er komin í gang.

Jóhanna Elísabet Vilhelmsdóttir, verkefnastjóri hjá VR, heldur utan um verkefni fyrir atvinnulausa á vegum VR og segir að búið sé að semja við þó nokkra aðila. „Við lítum þannig á að félagsmenn okkar geti búið sér til sitt eigið prógramm að morgni og nýtt sér þá þjónustu sem við bjóðum frítt,“ segir hún og bendir á að atvinnulausir geti líka sótt fundi á vegum VR og hitt um leið fólk sem er í starfi.

VR býður upp á námskeið fyrir atvinnulausa og maka þeirra og þá sem hafa þurft að skera niður vinnutíma og lækka í launum í Opna háskólanum sem er á vegum

Háskólans í Reykjavík. Í Nýttu kraftinn, sem er á vegum Maríu Bjarkar Óskarsdóttur og Sigríðar Snævarr, er dagskipun, sem fyrst og fremst miðar við háskólamenntaða einstaklinga, hver dagur tekinn sem vinnudagur væri og notaður til að víkka hugann og nýta tækifærin.

Í Hlutverkasetrinu á Laugavegi, sem rekið er af iðjuþjálfara, eru einnig ýmiss konar námskeið í gangi, leiklist, gönguferðir, myndlist, súpulist, hreyfing og tómsundur svo eitthvað sé nefnt. Elín Ebba Ásmundsdóttir iðjuþjálfari vonast til þess að atvinnulausir verði virkir, finni styrkleika sína og kenni jafnvel námskeið þannig að hægt verði að byggja upp starfið enn betur.

Elín Ebba hefur reynslu af því að byggja upp fólk með geðræna erfiðleika fyrir þátttöku í samfélaginu og atvinnulífina og er nú komin í forvarnastarfið, að koma í veg fyrir að atvinnulausir sökkvi sér í sjálfsvorkunn og þunglyndi og verði óvirkir í samfélaginu. Hún segir að öllu skipti að atvinnulausir haldist virkir. Fyrstu vikurnar fyllist fólk gjarnan krafti og helli sér í verkefni sem lengi hafa setið á hakanum en svo kvarti menn gjarnan undan því að koma ekki miklu í verk. Smám saman fari þeir að velja fyrir sér hvað sé að þeim og spyrja: „Af hverju ég?“ Mikilvægt sé að vinir og ættingjar láti atvinnulaust fólk ekki afskiptalaust. ghs@frettabladid.is

Kynntu þér úrræði í greiðsluferfiðleikum

- Samningar
- Skuldbreytingalán
- Frysting á greiðslum
- Greiðslujöfnun
- Lenging lánstíma
- Greiðslufrestur vegna sölutregðu

Upplýsingar er að finna á vef Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.



Íbúðalánasjóður

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Sími: 569 6900, 800 6969, fyrirspurnir@ils.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
312 -0,67%Fjöldi viðskipta: 70
Velta: 191 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ FØROYA BANKI 1,30%
ALFESCA 1,28%

MESTA LÆKKUN

↓ EIMSKIPAFÉLAGIÐ 20,00%
BAKKAVÖR 3,63%
MAREL FOOD SYST. 1,23%

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,95 +1,28% ... Atlantic Airways 165,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 552,00 +0,00% ... Bakkavör 1,86 -3,63% ... Eik Banki 91,50 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,00 -20,00% ... Føroya Banki 116,50 +1,30% ... Icelandair Group 13,41 +0,00% ... Marel Food Systems 64,40 -1,23% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,68 -1,18% ... Össur 95,20 -0,42%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Mettap hjá óskabarni þjóðarinnar

„Mikill sársauki fylgir því að koma fram fyrir þjóðina og segja að þessir fjármunir hafi tapast,“ segir Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips.

Fyrirtækið tapaði 648 milljónum evra á síðasta ári. Það jafngildir 96 milljörðum króna og slær FL Group (nú Stoðum) niður í annað sæti yfir verstu afkomu íslensks fyrirtækis á einu ári. FL Group tapaði 67 milljörðum króna í hittiðfyrra.

Til samamburðar nam tap Eimskipafélagsins 9,1 milljón evra árið á undan. Tap af áframhaldandi starfsemi nam 182 milljónum evra í fyrra samanborið við 12,8 milljóna hagnað árið á undan. Þá námu tekjurnar 718,9 milljónum evra, sem er 5,6 prósentu aukning milli ára.

Þar af nemur tapið á fjórða ársfjórðungi einum, 489 milljónum evra, 72 milljörðum króna. Afkomutölur Eimskips einkennast



GYLFI SIGFÚSSON

af viðamikilli uppstokkun í fyrra. Eignarhlutur í breska dótturfélaginu Innovate, sem nú er gjaldþrota, var afskrifaður úr bókum Eimskips um mitt síðasta ár ásamt eignarhlut í kanadíska frystigeymslusamstæðunni Atlas Versacold, sem hefur verið í sölufarli síðan í fyrra. Í ofanálæg féllu ábyrgðir á félagið vegna bresku ferðaskrifstofunnar XL Leisure.

Fjárfestar hafa sýnt Atlas mikinn áhuga og reiknar Gylfi með að sjá tilboð í næstu viku. Stefnan er sett á að ljúka söluferli í lok mars og fara að því loknu í uppgjör á skuldasöfnun liðinna ára og ganga til samninga við lánadrottna. Áætlað er að

AFKOMA EIMSKIPS*

Liðir	Hagnaður/-tap	
	2008	2007
Tekjur	718,9	680,3
Gjöld	-662,8	-619,0
Afskriftir	-38,8	-29,7
Virðisrárnun eigna	-100,6	00,0
Fjármagnsliðir	-93,9	-21,4
Hagnaður/-tap f. skatt	-177,3	10,3
Hagnaður/-tap	-648,4	-9,1

* Í MILLJÓNUM EVRA

endurskipulagningu ljúki í lok maí.

Gylfi segir nýtt og sterkara félag koma undan breytingunum, með stuðningi núverandi lánadrottna og nýjum hluthöfum, sem einbeiti sér að skipaflutningum, rekstri sem hafi skilað félaginu mestu fram til þessa.

- jab



Í SEÐLABANKANUM Arnór Sigvatsson, aðalhafgræðingur Seðlabankans, kynnrir verðbólguþá Seðlabankans. Ekki varð af reglubundnum kynningarfundum bankastjórnar Seðlabankans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Höft hafa áhrif á stýrivextina

Ákvörðun um stýrivexti hér á landi snýst ekki lengur um aðhald við innlenda eftirspurn, að sögn Arnórs Sigvatssonar, aðalhafgræðings Seðlabanka Íslands. Arnór kynnti sérfræðingum greiningardeilda og fjölmiðlum verðbólguþá bankans eftir að tilkynnt var um óbreytta stýrivexti á fimmtudag.

„Framundan er gríðarlegur samdráttur og um leið ljóst að tengslin á milli stýrivaxta og gengisins hafa breyst verulega vegna hafta á fjármagnshreyfingar og skilaskildunnar og má því spyrja hvers vegna þurfi að halda stýrivöxtum svo háum.“ Arnór segir að gjaldeyrishöftin eigi að afnema í áföngum á þessu ári og næsta og af því þurfi stýrivextir nú að taka mið. „Ekki er fyllilega ljóst enn hvernig staðið verður að því að losa þessi höft eða hversu hratt það verður gert,“ segir hann, en bætir um leið við að það sé meðal þess sem farið verði yfir með sendinefnd AGS eftir mánaðamótin.

- óká



PENINGARNIR TALDIR Íslenska krónan er talsvert ódýrari á gjaldeyrismörkuðum í Evrópu en hér heima.

Gengi krónu styrkist ennþá

Krónan styrktist um 0,5 prósent í gær og endaði vísitala hennar í 194 stigum. Hún hefur nú styrkst um 13,8 prósent á hálfum mánuði.

Talsverður munur er þó sem fyrr á skráningu á gjaldeyrismarkaði hér og hjá Evrópska seðlabankanum. Bandaríkjadalur er skráður hér á tæpar 113,9 krónur en hjá evrópska bankanum á 225 krónur. Þá stendur evran í 146 krónum hér en 288,5 krónum úti. Munurinn nemur 97 prósentum, sem er svipað og á öðrum gjaldmiðlum.

Ástæðan fyrir muninum skýrist af mjög litlum viðskiptum með krónur á erlendum gjaldeyrismörkuðum og höftunum hér. Munurinn hverfur væntanlega þegar krónan flýtur á ný, samkvæmt upplýsingum frá gjaldeyrissborði Glitnis. - jab

FJÁRMÁL HEIMILISINS

Lausnir sem geta hjálpað heimilinu

STÖÐUMAT | HEIMILISBÓKHALD | RÁÐGJÖF

Starfsfólk Landsbankans býður fram krafta sína í breyttu landslagi. Við ríkjandi aðstæður getur verið brýnt að endurskipuleggja fjármálin. Teljir þú þig þurfa á ráðgjöf að halda viljum við bjóða fram aðstoð okkar. Við förum með þér yfir möguleg úrræði.

Markmiðið er að öðlast skýra yfirsýn yfir fjárreiður heimilisins og treysta fótfestuna.

LAUSNIR SEM GÆTU HENTAÐ ÞÉR

- Greiðsluþjónun
- Lengja lánstíma
- Skuldbreyta vanskilum
- Fresta afborgunum vegna sölutregðu
- Fresta greiðslu afborgana og vaxta

Pantaðu ráðgjöf á landsbanki.is, í útibúinu þínu eða í síma 410 4000.

Við bjóðum fram krafta okkar.
Pantaðu ráðgjöf á landsbanki.is

Er rógur lævís flótti frá raunveruleikanum?

UMRÆÐAN

Hjörleifur Jakobsson skrifar um bankahrunið

Sam fyrirverandi stjórnarmanni í Kaupþingi blóskrar mér hin ósanngjarna umræða að undanfögnu um málefni bankans. Markvisst hefur verið lekið óljósum og misvísandi upplýsingum til fjölmiðla til að þyrlla upp moldviðri og lævisar smjörklípur ganga ómeltar á milli fjölmiðla og almennings. Ég er hins vegar fullviss sem fyrr um að þegar að rykið sest og umrædd mál hafa verið rannsökuð ofan í kjólinn, muni hið sanna koma í ljós. Ég sakna hins vegar dýpri og upplýstari umræðu um ástæður þess að við Íslendingar erum í svona slæmum málum og hvernig hinn raunverulegi kostnaður þjóðarinnar er til kominn.

Slæm staða þjóðarinnar

Að mínu mati eru það einkum fimm atriði sem valda því að staða okkar sem þjóðar er jafn slæm í dag og raun ber vitni:

1. Íslenska krónan, peningamálastefna Seðlabankans og framkvæmd hennar undanfarnar ár. Það virðist nú fallið í gleymiskunnar dá að flestir hagfræðingar spáðu því að þessi stefna myndi óhjákvæmilega ein og sér leiða til krepptu á Íslandi og skerðingar lífshæðar. Nú er auðvelt að kenna heimskreppu og hruni bankanna um öll okkar vandamál. Því miður er þetta ekki svona einfalt. Íslenskt hagkerfi var í stórkostlegum vandræðum fyrir vegna þess að þjóðin hafði búið við falskan kaupmátt árum saman og var búin að eyða langt um efni fram. Þetta á við um alla: ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og almennig. Einstaklingar og fyrirtæki voru í raun þvinguð til að taka erlend lán á sínar íslensku eignir með velþóknun Seðlabankans og síðan eru menn gagnrýndir fyrir að „fara á móti krónunni“ þegar þeir vilja frekar hafa lánin sín í íslenskum krónum! 2. Íslensku bankarnar uxu of hratt og voru of stórir sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Stuðningur Seðlabankans við viðskiptabankana var lítill. Viðbrögð hans við stækkun bankanna var að stinga hausnum í sandinn og sama átti við þegar að kreppti.

3. Alþjóðlega fjármálakreppan, nú nefnd heimskreppa. Fróðlegt er að lesa skýrslu IMF um framtíðarhorfur einstakra landa.

4. Aðgerðarleysi Fjármálaeftirlitsins og viðskiptaráðuneytis við óábyrgri útþenslu Icesave á reikning þjóðarinnar.

5. Aðferðafræðin við þjóðnýtingu Glitnis og setning neyðarlaganna. Sagan mun sýna að þessi nálgun var stórkostleg mistök og lykilatriði í falli bankanna. Athyglisvert er að skoða hvernig seðlabankastjóri gjörsamlega vanmat stöðuna og áhrif aðgerða sinna eins og ágætlega er fjallað er um í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sl. fimmtudag.

Tap þjóðar og almennings

Athyglisvert er að skoða hvert menn beina spjótum sínum í dag og hins vegar hverjir eru ábyrgir fyrir tapi þjóðar og almennings. Þar er lítil samsvörun.

Hluthafar. Hluthafar bankanna hafa tapað öllu og hluthafar annarra fyrirtækja tapað miklu. Mikil lækking hlutabréfa er því miður ekki séríslenskt fyrirbæri. Hluthafar eiga ekki að biðja um samúð. Þeir taka áhættu; tapa stundum en hagnast vonandi oft.

Viðskiptavinir bankanna. Útlit er fyrir að allar innistæður í Kaupþingi fái greiddar öfugt við innistæður þeirra sem lögðu sitt fé t.d. inn í dótturbanka annarra íslenskra banka. Einnig er áhugavert að skoða afkomu lífeyrissjóða í vörslu bankanna. Persónulega hef ég lagt minn viðbótarsparnað í Frjálsa 3 sem er varfærnasta sparnaðarleiðin hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum sem er í rekstri Kaupþings. Þessi sparnaðarleið gaf viðskiptavinum sjóðsins 23,1% jákvæða ávöxtun fyrstu 11 mánuði 2008 meðan sambærilegir sjóðir annarra íslenskra banka gáfu verulega neikvæða

ávöxtun. Þar munar tugmilljörðum í ávöxtun fyrir íslenska launþega. Ávöxtun peningamarkaðssjóða var einnig áberandi best hjá Kaupþingi þrátt fyrir sérstaka innspýtingu inn í sjóði Glitnis og Landsbankans með velþóknun ráðamanna.

Þjóðin. Tjón þjóðarinnar er margvíslegt.

■ Eftir stendur stór erlend skuld vegna Icesave sem útlit er fyrir að þjóðin þurfi að greiða. Endanlegur reikningur er ókominn en ég er hræddur um að hann verði á bilinu 300-500 milljarðar króna. Þjóðin mun hins vegar ekki þurfa að borga eina einustu krónu vegna Kaupþing Edge.

■ Onýtur gjaldmiðill. Erlendir fjárfestar eiga nú hundruð milljarða króna á Íslandi sem þeir vilja

losna við og kaupa evrur í staðinn. Þetta myndar tappa í gjaldeyriskerfinu sem er tilkominn vegna peningamálastefnunnar þegar fjármunir söguðust til Íslands vegna fáránlega hárra vaxta í boði Seðlabanka og ríkisstjórnar. Þessi tappi verður ekki leystur nema með áframhaldandi gjaldeyrishöftum eða að þjóðin noti lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og auki þannig vaxtagjöld þjóðarinnar um tugi milljarða á ári. Lífeyrissjóðirnir gætu hugsanlega komið að lausinni með að selja hluta af erlendum eignum sínum í þessu skyni.

■ Tap Seðlabankans af lánnum til íslenskra fjármálafyrirtækja verður



HJÖRLEIFUR JAKOBSSON

ur afgreitt með prentun peninga, tilheyrandi verðbólgu og veikingu krónunnar. Dæmi eru um að Seðlabankinn hafi lánað einstökum bönkum upphæðir sem nema þrettánföldu eigin fé viðkomandi banka!

■ Endurfjármögnun viðskiptabankanna krefst útgjalda en vonandi fær þjóðin þann kostnað endurgreiddan síðar við sölu þeirra eða í formi arðgreiðslna.

■ Eitt stærsta tjónið er þó að mínu mati sá missir sem bankaumhverfið er fyrir allan þann mannaúð sem þar starfaði og í þeim ráðgjafafyrirtækjum sem þjónuðu þessum fyrirtækjum. Þau þekkingarstörf

koma því miður ekki aftur í bráð.

Fýsir fjölmiðla ekki að fjalla um framangreint? Þetta er það sem við þurfum að lifa við næstu árin.

Eitt af því fyrsta sem ég lærði í stjórnun er það verklag að búta stór verkefni niður í smærri; þú gleypir ekki filinn í einum bita. Þannig er það líka með vandamál þjóðarinnar í dag. Ástæður vandans eru margþættar eins og hér hefur verið tæpt á. Full ástæða er til að rannsaka öll þau mál ofan í kjólinn. Ég fagna slíkri rannsókn og hef trú á að hluthafar og stjórnendur Kaupþings komi sterkir frá þeim leik. Á sama hátt er uppbyggingin stórt verkefni þar sem mikilvægt er að leiðin sé rétt vörðuð.

Höfundur sat í stjórn Kaupþings.

Fjármálaráðgjöf fyrir þig



Kynntu þér úrræðin



Starfsfólk Kaupþings aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig ef þarf.

- Heimilisbókhald
- Úrræði í greiðsluferfiðleikum
- Stöðumat
- Sparnaðarleiðir
- Netdreifing/útgjaldadreifing
- Lífeyris- og tryggingamál

Kynntu þér málin á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444-7000 eða komdu við í næsta í útibúi Kaupþings.



Hallamál

Komelon, 40 sm
5014024

999KR



Ruslafata

Zink, 20 ltr
2000518

999KR



Tréskrúfur

Torx, 4,0 x 40, 1000 stk í boxi
5611566

999KR



TCnano

Nýtt í vörnum gegn vatni og óhreinindum, til meðhöndlunar á gleri, álfelgum, rúðum, lakki og hreinlætistækjum
9019000-5

999KR



Matarstell

Postulín, 16 eða 20 stk í setti, m. gylltri rönd eða silfraðri
2009186-9

999KR



Innimálning

3 ltr., beinhvít og hrimhvítt, fæst aðeins í Skútuvogi, Grafarholti og Hafnarfirði
7119962/6

3 LTR
999KR



Bítaskett

Hitachi, 6 stk, torx, 70 mm langir bitar
5248158

999KR



Rúðusköfur

5023481

2 STK
999KR 1 STK. 799KR



Rúlla og bakki

25 sm
7014822

999KR



Skíðalúffur

Vandaðir með flísfóðri
5865527

2 **PÖR**
999KR

999

KR

DAGAR

Í Húsasmiðjunni um land allt
Gildir alla helgina meðan birgðir endast



Málband

Komelon, 5 m x 25 mm
5006346

999KR



Skerstokkur

5002518

999KR



Túlípanar 15 stk

15 **STK**
999KR



Soudafoam

Soudal frauð, 750 ml
6510104

999KR

Kjötsúpa
190 kr

kl 11:30-14:00



Í Skútuvogi

um helgina

Pylsa
og kók

99 kr



Ís á
10 kr



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Skemmtilegast að ögra sjálfri mér

Selma Björnsdóttir, leikstjóri og þúsundþjalasmiður í leikhúsinu, segir það skemmtilega áskorun að takast á við Kardemommubæinn, þetta vinsæla verk sem afar og ömmur bíða eftir rétt eins og ungviðið. **Sigríður Björg Tómasdóttir** settist í rauðan Þjóðleikhússtól og ræddi við Selmu.

Kunnuglegur heimur blasir við á sviði Þjóðleikhússins þegar stigið er inn í stóra salinn. Þarna er turn, hús, heill bær. Kardemommubærinn sjálfur þar sem Tóbías, Tommi, Kamilla, Soffía frænka og ræningjarnir búa. Eftir þrjár vikur verður þetta sígilda verk frumsýnt og nú þegar er uppselt á þrjátíu sýningar – það er óhætt að segja að það ríki eftirvænting á meðal Íslendinga um að kíkja við í Kardemommubæ.

„Leikritið er klassík og það eru ekki bara krakkar á leið í leikhúsið, foreldrar, afar og ömmur bíða líka eftir því. Það hafa allir skoðun á þessu leikriti, hvernig Bastían bæjarfógeti lítur út og hvernig Soffía frænka á að vera. Þetta er fallett, hvetjandi og dálítið ógnvekjandi,“ segir Selma Björnsdóttir sem er önnur kafin um þessar mundir við að setja upp hið sígilda verk Thorbjörns Egner. „En ég er auðmjúk gagnvart áskorun og vonandi getum við gert sem flestum til hæfis, en mér finnst sú staðreynd að verkið er svona þekkt ekkert heftandi, bara skemmtilegt. Leikritið er líka svo vel skrifað og leikararnir eru flestir svo miklir aðdáendur þess að þeir voru strax tilbúnir að tileinka sér andrúmsloftið í því.“

Lék tíu ára í Kardemommubænum

Þó flestir þekki Kardemommubæinn vita færri að Selma tók þátt í uppsetningu Þjóðleikhússins á verkinu árið 1984: „Ég kom inn sem staðgengill Kamillu. Svo gekk verkið svo vel, var sýnt í tvö leikár, og það síðara fengum við að skiptast á ég og Brynja Valdís Gísladóttir sem í dag er leikkona.“

Tilviljun leiddi Selmu á sviði Þjóðleikhússins. Systir hennar var kölluð í prufu en var þegar til kastanna kom of stór en Klemens Jónsson leikstjóra rámaði í að hún ætti yngri systur og þess vegna var Selma kölluð til. „Það er ekki ofsögum sagt að þegar leikhúsbakterían kviknar þá slokknar hún ekki, ég hef haft ástríðu fyrir leikhúsinu síðan þetta var,“ segir Selma sem nú 25 árum síðar situr við stjórnvölinn í sama verki. „Og það skemmtilega er að þarna kynntist ég krökkum sem ég er enn að leika með, Atli Rafn Sigurðarson lék Tomma á móti mér, Páll Óskar var vagnstjórinn, Unnur Ösp Stefánsdóttir var köttur og Hilmir Snær lék afturendann á asna,“ rifjar Selma upp. Hún er samt lítið fyrir að velta sér upp úr hlutunum, frábiður sér að tíunda ferilinn. „Ég nenni ekki að vera alltaf að segja það sama, það er ekkert skemmtilegt.“

Og það væri heldur ekki hægt að halda því fram að Selma rói sífellt á sömu mið. Hún hefur fengið við allt mögulegt í leikhúsinu og skemmtanabransanum, sungið, dansað, leikið, samið hreyfingar (kóreugrafíu) og leikstýrt, svo fátt eitt sé talið. Frá því að hún var tvítug hefur hún hræst í þessum heimi, lært af reynslunni en ekki í skóla.

Hélt hún gæti ekki leikstýrt Gosa

Það háir henni ekki en hún segist þó hafa þurft að telja í sig kjarkinn þegar henni var boðið að leikstýra Gosa í Borgarleikhúsinu fyrir



SKÖPUNARFERLIÐ ER SKEMMTILEGAST Selma sækir innblástur í umhverfið við undirbúning leiksýninga. Teiknimyndir, bækur og börnin hennar eru uppspretta hugmynda.

tveimur árum. „Ég veit ekki hvort þetta er kvenlegt eða persónulegt, en þegar mér var boðið verkið þá byrjaði ég á því að segja við sjálfa mig að ég gæti þetta ekki, en svo hristi ég það af mér og sagði við sjálfa mig að auðvitað gæti ég þetta. Það eru alltaf einhverjar raddir sem pirra sig á því að ég er ólærð og átta sig ekki á því að ég er með mjög mikla reynslu, miklu meiri en margir leikstjórar sem eru að stíga sín fyrstu skref. En ég upplifði ekki þennan kvíða þegar mér var boðið að leikstýra Kardemommubænum, ég sagði bara já takk og ákvað að njóta hverrar mínútu. Ég hugsaði

bara með mér að ef ég myndi leggja mig 100 prósent fram og gera mitt allra besta þá gæti ég ekki orðið ósátt við útkomuna.“

Selma segir yndislegt að starfa í Þjóðleikhúsinu, þar vinni endalaust mikið af mjög hæfu fólki í öllum deildum. Ég hef svo oft í gegnum tíðina verið að leikstýra og vinna hjá sjálfstæðum leikhúsum og þá er maður í öllu sjálfur, kemur með „props“ að heiman og þar fram eftir götunum, hér er það auðvitað ekki raunin.“

Samvinnan, hópeflið og sköpunargleðin sem ræður ríkjum við undirbúning leiksýninga er í ein-

stöku uppáhaldi hjá Selmu. „Þetta er frábær tími, það eru öll skilningavit svo opin og næm og allt á fullu. Á svona tímabilum þá horfi ég öðruvísi á lífið, horfi öðruvísi á fólk.“ Þannig getur skemmtilegt göngulag á Laugaveginum endað í leiksýningu, teiknimyndafígúrir veitt innblástur eða einlæg augnablik í leik barnanna hennar. „Ég sæk innblástur í umhverfið, það er óhætt að segja það.“

Rúnar lætur að stjórn

Selma á tvö börn með eiginmanni sínum leikaranum Rúnari Frey Gíslasyni. Hún segir lítið mál að

samræma móðurhlutverkið vinnunni. „Maður þarf bara að skipuleggja sig betur, ég er mjög skipulögð í vinnu og móðurhlutverkið hefur gert mig enn skipulagðari, þannig jafna ég álagið, því ekki þýðir að leggjast bara upp í sófa þegar maður kemur heim til tveggja barna.“

Rúnar Freyr leikur einn ræningjanna í Kardemommubænum og nú leikstýrir hún honum í fyrsta skipti. „Það er lítið mál, hann er voða ljúfur. Hlýðir bara eins og hann á að gera,“ segir hún og hlær. Segir að þrátt fyrir fyrri yfirlýsingu um að hún sé kontrólfrik þá

veiti hún samstarfsfólki sínu frelsi í hugmyndavinnu. „Ég er alltaf voða fegin þegar einhver kemur með betri hugmynd en ég, leikhúsvinnan er bara svona, eggjun og andsvar. Stundum legg ég eitthvað til, leikari kemur með aðra hugmynd og ef að hún virkar betur þá notum við hana.“

Grease í sumar

Leikstjórastarfið á vel við Selmu. „Það er auðvitað allt öðruvísi en að standa á sviði, maður þarf að hafa fullkomna yfirsýn, ég ræð auðvitað að listræna stjórnendur með mér sem gera allt með mér og það er ómetanleg samvinna, en ég er verkstjórnin, sú sem ber ábyrgðina og þarf að taka lokaákvæðanir um allt. Ég kann ótrúlega vel við þetta. Í rauninni er leikstjórastarfið rökrétt framhald af því sem ég hef verið að gera í gegnum tíðina, ég hef verið aðstoðarleikstjóri, ég hef verið framleiðandi og svo framvegis.“

Söngleikurinn Grease er næstur á verkefnaskrá Selmu, hún mun leikstýra honum í Loftkastalanum í sumar. „En ég er ekkert farin að huga að því, núna er ég á fullu í Kardemommubænum og svo kemur að Idolinu, þar sest ég

hinum megin við borðið, verð dómari eftir að hafa séð um framkomuþjálfun í fyrri þáttaröðunum.“ Dóm-arastarfið leggst vel í hana, hún segir gaman að hitta hæfileika-söngvara. „Þetta er áhugaverður útstillinga-gluggi fyrir ungt fólk með hæfileika, þarna getur það komið sér á framfæri.“

Vill ögra sjálfri sér

Annars segist hún ekki von að hugsa hlutina langt fram í tímann. „Þessi bransi er þannig, stundum veit ég ekki hvað ég verð að gera eftir tvær vikur, stundum

er ég með lengri verkefnalista. En ég er von þessu. Ég er líka von því að þurfa að skapa mér vinnu sjálf. Ég fæ oft hugmyndir að verkefnum og svo malla þær í hausnum á mér þangað til rétti tíminn kemur. Ég var til dæmis löngu búin að ákveða að setja upp söngleikinn Hárið, og svo kom að því að ég kýldi á það.“

En hvaða verkefni skyldu standa upp úr á fjölbreyttum ferli til þessa? „Það eru verk þar sem mér finnst ég hafa ögrað sjálfri mér, unnið persónulega sigra, tekið framfaraskref í söng eða leik. Ég nefni til dæmis Hárið, Rómeó og Júlíu með Vesturporti, Hafíð bláa og Ávaxtakörfun.“

Selma er til í að halda áfram að ögra sjálfri sér: „Ég hef ýmsar hugmyndir að verkefnum, svo langar mig til að leika meira og kannski takast á við nýja hluti í því.“

Núna kemst þó ekkert annað að en Kardemommubærinn. Það er farið að rökkva úti en að lóknunum æfingardegir er komið að því að vinna í lýsingunni og stefnt að því að vinna fram eftir kvöldi. „Ég kvarta ekki yfir því, það eru forréttindi að fá að vera í Kardemommubænum, ekki síst eins og ástandið er í Þjóðfélaginu. Eins og Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona, sem fer með hlutverk Soffíu frænku, orðaði það svo skemmtilega, það er mannþætandi að vera í Kardemommubæ.“

SELMA Í HNOTSKURN

Besta setningin í Kardemommubæ: Meira að segja ræningjar geta orðið heiðarlegt fólk.

Mottó í lífinu: Don't believe the hype.

Besta kvikmyndin: Deer Hunter, Tootsie, The Champ, Shawshank Redemption o.fl.

Uppáhaldslitur: Svartur.

Fallegasti staður í heimi: Mér finnst allt fallegt þegar mér líður vel.

Mesta afrek: Börnin mín tvö.

Uppáhaldsbók: Sjálfstætt fólk.

Uppáhaldsstjórmálamaður: Hmm... Það verður sá sem reddar kreppunni hehehe!

Hvaða ræningi er í mestu uppáhaldi: Kommon, get ekki gert upp á milli þeirra ...

Fyrirmynd í lífinu: Foreldrar mínir, ástvinir og ýmsir snillingar lífs og liðnir!

Eftirminnilegasta augnablik í leikhúsinu: Leiksýningin Sjálfstætt fólk í Þjóðleikhúsinu og Leitt hún skyldi vera skækja. Og þegar við dönsuðum allsber í Hárinu og þegar ég gleymdi stund og stað þegar ég lék Grétu Garbó í Halldór í Hollywood (pant ekki lenda í því aftur).

Draumahlutverk: Leyndó.

Draumaverk til að leikstýra: Ég lifi í draumi þessa dagana í vinnunni í Kardemommubænum.

SELMA BJÖRNSDÓTTIR Lék í Kardemommubænum tíu ára gömul og leikstýrir nú sama verki í Þjóðleikhúsinu.



Nýr banki verður til # 2

Skynsamleg markmið fyrir heimilið


Fjórar leiðir til að fá betri yfirsýn yfir fjármálin

Eitt mikilvægasta hlutverk okkar er að auðvelda viðskiptavinum að taka réttar ákvarðanir með hag heimilisins að leiðarljósi. Þörfin fyrir gott skipulag og skýra yfirsýn yfir fjármál heimilanna er mikil. Nú kynnum við, fyrstir banka, fjórar leiðir til að mæta þessari þörf. Á glitnir.is og í útibúinu þínu getur þú nálgast einfaldar og öflugar lausnir til að setja heimilinu fjárhagsleg markmið.

1 Einfalt stöðumat á netinu

Stöðumat er einföld reiknivél á glitnir.is sem gerir þér kleift að fá yfirsýn yfir helstu tekju- og útgjaldaliði heimilisins. Stöðumatið er gott fyrsta skref til að átta sig á stöðunni og þú sérð á augabragði:


- Útgjöld heimilisins
- Hversu mikið þarf að draga saman útgjöldin til ná endum saman
- Hvort afgangur sé til að leggja fyrir í sparnað



2 Heimilisbókhalðið í tölvunni heima


Heimilisbókhalð Glitnis er einfalt skjal sem þú sækir á glitnir.is og notar til að auka yfirsýn og koma betra skipulagi á fjármálin. Með því að halda heimilisbókhalði:

- Færðu skýra yfirsýn yfir fjármálin
- Gerir þú tekju- og kostnaðaráætlun fyrir árið
- Setur þú markmið og berð saman við rauntölur jafnóðum
- Skráir þú raunverulegt inn- og útstreymi peninga
- Byrjar þú skipulega uppbyggingu á sparnaði



3 Markmiðasetning í Netbanka

Nú er mögulegt að setja sér sparnaðarmarkmið fyrir allar tegundir reikninga og sjá árangurinn jafnóðum í Netbanka Glitnis. Settu þér markmið í sparnaði í Netbanka Glitnis og sjáðu árangurinn í myndrænni útfærslu á „Minni síðu“ í Netbankanum. Einföld leið til að setja sér markmið og ná árangri.



4 Komdu í Fjármálaviðtali

Við veitum þér persónulega þjónustu með vandaðri heildarráðgjöf um fjárhagslega stöðu heimilisins. Í Fjármálaviðtali förum við saman yfir eignir og skuldir, tekjur og útgjöld og gerum greiðsluáætlun fyrir þín lán.

Látum verkin tala

Okkar verkefni er að miðla þekkingu og veita góða þjónustu. Þannig vinnum við með fyrirtækjum og heimilum í landinu til að takast á við þau krefjandi verkefni sem framundan eru.

Komdu á glitnir.is/markmid og byrjaðu árið af skynsemi.

www.glitnir.is/nyrbankiverdurtill

Við erum að búa okkur undir endurbyggingu íslensks efnahagslífs og laga okkur að breyttum aðstæðum. Þann 20. febrúar munum við taka upp nafnið Íslandsbanki.

GLITNIR

NÓATÚN



MAGNKAUP

Ódýrt fyrir heimilið

Heimilispakki Nóatúns
Lambalæri, súpukjöt og kjötfars

898
kr. kg



Lambahryggur
Verð áður 1.898

Úr kjötborði
1.498
kr. kg



Lambakötiletur
Verð áður 1.998

Úr kjötborði
1.698
kr. kg



Nóatúns hakkbollur
Í súrsætri sósu

30%
afsláttur
Úr kjötborði
1.049
kr. kg



Grísnitsel
Í kryddraspi

30%
afsláttur
Úr kjötborði
979
kr. kg



ÍM kjúklingur
Heill og ferskur

40%
afsláttur
589
kr. kg



Úrvalið af þorramatnum er í Nóatúni

Við höldum í gamlar hefðir og bjóðum upp á úrvals þorramat. Komdu og fáðu ráðleggingar hjá kjötmeisturum Nóatúns.

Höldum í gamlar hefðir



Rose kjúklingabringur
Frosnar

1.498
kr. 900g



Hatting hvítlaugsbrauð
2 stk. frosin

389
kr. pk.

FRÁBÆR TILBOÐ Í NÓATÚNI

NÓATÚN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl



Honey Nut Cheerios
482 g

489
kr. pk.



Coke Light
2 L

129
kr. 2L



Ora fiskbollur í sósu
3 tegundir

15%
afsláttur



Homeblest
400 g

179
kr. pk.



Stjörnusnakk
2 tegundir

189
kr. pk.



Kexmiðjan
Vinarbrauð

298
kr. pk.

Borðaðu 5 á dag

Með því að borða 5 eða fleiri skammta af litríkum ávöxtum og grænmeti á dag stuðlar þú að heilsusamlegri lífi.



Kexmiðjan
Vinarbrauð með súkkulaði

319
kr. pk.



Kínakál
Verð áður 436

319
kr. kg



Appelsínur
Verð áður 299

198
kr. kg



Ömmu
Rúgbrauð

179
kr. pk.



Kelloggs extra müsli
3 tegundir

439
kr. pk.



Lambi Satin
Salernisrúllur 6 stk.

499
kr. pk.

Austurveri, Reykjavík
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-20
Sun. 11-20

Grafarholti, Reykjavík
Mán. – Fös. 10-21
Lau. 11-20
Sun. 11-20

Hamraborg, Kópavogi
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-19
Sun. 11-19

Hringbraut, Reykjavík
Mán. – Fös. 10-21
Lau. 11-20
Sun. 11-20

Nóatúni 17, Reykjavík
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-19
Sun. 11-19

Austurvegi, Selfossi
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-19
Sun. 11-19



OPIÐ HÚS

laugardaginn 31. jan. kl. 13 – 16

Tölvu og bókhaldanám

Stutt og hnitmiðuð 210 stunda námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína með aukinni menntun og tölvufærni. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum og einyrkjum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Að námi loknu eiga þátttakendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritarar og öflugir tölvunotendur og sem fulltrúar og bókarar.

Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

»Tölvugreinar:

Windows, Word, Excel, PowerPoint, Internet og Outlook (tölvupóstur, dagbók skipulag) stafræn myndvinnsla ofl.

»Viðskiptagreinar:

Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur, bókhaldsgrunnur og tölvufært bókhald í Navision.

Næsta námskeið hefst 4. feb. Kvöld og morgunnámskeið í boði. Tilboðsverð kr. 149.000,-

Ath. möguleika á niðurgreiðslu fyrir atvinnulausa og endurgr. stéttarfélag. Námið er metið til eininga. Allt kennsluefni innifalið.

Möguleikar fyrir atvinnulausa!

Atvinnulausum gefst kostur á að skrá sig á nokkur námskeið sem haldin eru í skólanum á vegum Vinnuálastofnunar og eru þessi námskeið atvinnulausum að kostnaðarlausu. Skráning fer fram hjá Vinnuálastofnun. Jafnframt niðurgreiðir Vinnuálastofnun námskeið um allt að 50% skv. nánari reglum þar um en styrkuppþæð getur þó ekki orðið hærra en 70 þús. Kynntu þér málið nánar hjá ráðgjöfum Vinnuálastofnunar.

Flest stéttarfélag styrkja auk þess félagsmenn sína myndarlega til náms hjá okkur. Kynntu þér rétt þinn hjá þínu stéttarfélagi.

Eldri borgarar 60+



»Grunnnámskeið.

30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.

Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur. Hefst 26. feb. og lýkur 19. mars. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,- (kennslubók innifalin)

»Framhald.

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa samæbriglega undirstöðu. Hefst 25. feb. og lýkur 18. mars. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,-

Almenn námskeið

»Tölvunám byrjenda.

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem enga tölvukunnáttu hefur. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu. Röleg yfirferð með reglulegum endurtekningum.

• Windows tölvugrunnur, ritvinnsla í Word, Internetið og tölvupóstur.

Næsta námskeið hefst 3. feb. og lýkur 26. feb. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga, morgun og kvöldhópar. Lengd: 42 std. Verð kr. 32.900,- (Kennslubók innifalin)

»Almennt tölvunám.

Hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið fyrir þá sem sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

• Windows stýrikerfi og skjalavarsla – Word – Excel – Outlook (tölvupóstur og dagbók) og Internet

Næsta námskeið hefst 4. feb. og lýkur 4. mars. Morgun og kvöldhópar. Lengd: 58 std. Verð kr. 44.900,- (Allar kennslubækur innif.)

»ECDL tölvunám.

Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar. ECDL tölvunám stendur fyrir „European Computer Driving Licence“ sem er alþjóðlegt skírteini útgefið af Skýrslutæknifélagi Íslands.

• Windows stýrikerfi og skjalavarsla – Word – Excel – Internet og tölvupóstur í Outlook – PowerPoint

Næsta námskeið hefst 4. feb. og lýkur 11. mars. Morgun og kvöldhópar. Lengd: 84 std. Verð kr. 65.000,- (Innif. allt kennsluefni, próftökur og skírteini)

Stök forrit	St.fj	Hefst	Verð
Dreamweaver	26	11. feb	29.000,-
Excel frh	14	18. feb	24.000,-
Excel grunnur	21	25. feb	24.000,-
Flash	21	17. feb	24.000,-
Illustrator	32	14. feb	44.000,-
Office 2007 kynning	5	9. feb	7.900,-
Outlook	10	11. feb	15.000,-
Photoshop grunnur	21	4. mar	24.000,-
Photoshop ljósmyndun	26	10. feb	29.000,-
PowerPoint	10	6. mar	15.000,-
Stafrænar myndavélar	14	2. mar	15.000,-
Word ritvinnsla	21	6. feb	24.000,-
Bókhald I	100	13. mar	94.000,-
Bókhald II	32	4. feb	36.000,-
Navision fjárhagsbókhald	42	20. apr	49.000,-
Tollskýrslugerð	21	15. maí	28.000,-

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

FERSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU 20 ÞÚS PAKKAR Í BOÐI



499

GV FERSKT GRÍSAHAKK
499 kr./kg.



899

GV FERSKT GRÍSAGÚLLAS
899 kr./kg.



899

GV FERSKT GRÍSASNITSEL
899 kr./kg.



899

GV FERSKUR ÚRBEINADUR
GRÍSAHNAKKI 899 kr./kg.



1198

GV FERSKAR GRÍSALUNDIR
1198 kr./kg.



398

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.



899

GV FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
899 kr./kg.



499

GV FERSKT GRÍSARIFJASTEIK
499 kr./kg.



20%

AFSLÁTTUR

KS FROSID LAMBAFILLET

20% AFSLÁTTUR **2399 kr./kg.** MERKT VERÐ 2998 KR./KG.



25%

AFSLÁTTUR

KS FROSINN LAMBABÓGUR HEILL

25% AFSLÁTTUR **569 kr./kg.** MERKT VERÐ 759 KR./KG.



159

FROOSH DRYKKIR 250 ml **159 kr.** ATH ÞETTA FRÁBÆRA VERÐ GILDIR TIL 31 JAN.



759

BÚHNYKKUR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR **759 kr./kg.**



179

TRÓPÍ 1 ltr. **179 kr.**



125

PEPSI MAX 2 ltr. **125kr.**



125

PEPSI 2 ltr. **125 kr.**



125

COKE ZERO 2 ITR. **125 kr.**

BONUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

BONUS BONUS BONUS BONUS



40%
AFSLÁTTUR

KF KOFAREYKT FOLALD
399 kr./kg. 665 KR./KG.

FERSKAR KJÚKLINGA BRINGUR



Bringur **1554**

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1554 kr./kg. 30% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2220 KR./KG.



399

KF NÝTT KJÖTFARS
399 kr./kg.



40%
AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1798 kr./kg. 40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2998 KR./KG.



259

MYLLU MÖNDLUKAKA
420g 259 kr.



98

MYLLU HEIMILISBRAUÐ
375g 98 kr.



1476

KJÖRFUGLS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1476 kr./kg. 30% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2109 KR./KG.



198

BÓNUS NÝBAKAÐAR KRINGLUR
MJÚKAR 4 STK 198 kr.



798

3598

ICELANDPET HUNDAMATUR
12 kg. 3598 kr.
ICELANDPET KATTAMATUR
2 kg. 798 kr. ÍSLENSKT HRÆFNI



198

KARTÖFLUR 2 kg. 198 kr.



159

BYGG FLATKÖKUR
5 stk 159 kr.
NÝTT ÚR ÍSLENSKU BYGGI



298

DILETTO KAFFI 400g 298 kr.
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

Fólk leitar annarra gilda

Skráningum í Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur fer sífjögandi, segir formaður þess, **Magnús Skarphéðinsson**. Anna Margrét Björnsson ræddi við Magnús um kreppuna sem miðlar sáu fyrir, um kortlagningu á veröld hinna framliðnu og bjartari tíma fram undan hjá þjóðinni.

Fólk sækir mun meira í andleg málefni á erfiðum tímum,“ útskýrir Magnús Skarphéðinsson, formaður Sálarrannsóknarfélags Reykjavíkur. „Ég hef séð þetta gerast áður á krepputímum að fleiri leita til Sálarrannsóknarfélaganna og annarra andlega félaga en ella eða sækja miðilsfundi. Það góða við þessa þróun er að fólk heldur sig meira við andleg málefni í kjölfarið. Fólk líður betur þegar það fer að sinna andlegum hlíðum á sjálfum sér.“ Að sögn Magnúsar bar flestum virtum miðlum á vegum félagsins saman um að kreppan væri yfirvofandi á sínum tíma. „Þeir sáu þetta mikla umbreytingaskeið fyrir. Sumum þeirra bar saman um að kreppa myndi skella á og sáu einnig fyrir veikindi ráðherranna. Hins vegar voru þeir sammála um að þetta tímabil myndi ganga nokkuð hratt yfir og verða styttra en fróðir menn telja. Að ef Íslendingar haldi vel á spöðunum muni draga mjög úr atvinnuleysi, sérstaklega á næsta ári, og að hér á Íslandi verði evran tekin upp innan áratugar og Ísland ganga hratt og örugglega inn í Evrópusambandið. Einn spámiðillinn okkar sá sýn um að neglt hefði verið fyrir Smáralindina en ég vona nú að það rætist ekki. Ég veit líka að þessi kreppa lá fyrir í stjórnum, Gunnaugur Guðmundsson stjórnspekingur var til dæmis löngu búinn að sjá þetta fyrir í sínum kortum.“

Fólk er haldið miklum kvíða

Magnús er ekki sérlega spennur fyrir stjórn Vinstri grænna og Samfylkingar þó að bróðir Magnúsar, Össur Skarphéðinsson, verði líklega ráðherra. „Þar blasir við aukin skattheimta. Ég er nú langt frá því að vera sjálfstæðismaður en það hefði verið gott að hafa sjálfstæðismann með í þessum pakka. Þeir hafa oft meira raunveruleikaskyn þegar kemur að þessum málum. En nú reynir á þetta nýja fólk, það er búið að kvarta svo lengi.“

Magnús segist fá mörg símtöl á dag frá fólkum sem sýni starfi félagsins áhuga. „Fólk vill vita hvað við erum að gera og hvað við erum að starfa eða fá tíma hjá miðlum og spámiðlum til að sjá fram í tímann og að leita fréttu af framliðnum ástvinum. Það kvíðir framtíðinni en svo er þetta oft líka einn af lokaáfangastöðunum þegar fólk endurmetur gildi sín. Þá fá þessi gildi meira vægi. Dulræn mál máttu sín lítils á meðan milljarðafurstarnir réðu ríkjum herna. Þegar sú stétt bara hverfur alveg þá leitar fólk annarra gilda.“ Það er jákvæð og góð þróun að mati Magnúsar, sem telur að þegar fólk sinnir andlegu hlíðinni sé það varanlegri sigur en að hlaupa eftir veraldlegum gæðum. „Það er svo augljóst að margt fólk er haldið kvíða og að allmargir eru að endurskoða heimssmynd sína. Fólk finnst það hafa verið blekk. Peningaguðinn var guðinn sem brást.“ Nýir tímar andlegrar vakningar ganga í hönd að sögn Magnúsar. „Gildin verða hjá mörgum í breyttri forgangs-röð.“ En hvað með kirkjuna, telur hann ekki að fleiri munu sækja



MAGNÚS SKARPHÉÐINSSON Ekki sérlega hrifinn af vintri stjórn þrátt fyrir að bróðir hans Össur taki þar líklega ráðherrasæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

guðshús? „Æ, kirkjan er óttalegur miðaldafsökull, greyið,“ svarar hann. „Ég er ekki í vafa um það að fólk sækir ýmislegt annað frekar en andlega þekkingu til kirkjunnar í dag. Það sækir meðal annars friðinn og tónlistina og hugleiðsluna en það er lítið andlegt fóður að hafa frá kirkjunni í dag. Þar er yfirleitt jarmað um einhverja fjarlæga helgisögn. Ég átti tal um þetta við þjóðkirkjuprest um daginn og hann var alveg sammála um það að til þess að fólk færi að sækja oft kirkju væri líklega best að prestarnir þögnuðu endanlega, enda hafa þeir ekkert lengur að segja né mega neitt segja til að falla ekki í ónáð hjá miðstýrðu biskupsveldinu og skíthæddum safnaðarnefndum. Best væri auðvitað að prestar hefðu alvöru boðskap fyrir sóknarborn sín á sunnudögum eins og var meðal annars hjá Harald Niélsyni fyrir tæpum hundráð árum síðan. Þá var svo mikill aðsókn í kirkjuna að það voru gefnir út aðgöngumiðjar til safnaðarmedlima, svo mjög var slegist um að heyra predikanir Séra Haraldar, enda mikill spíritisti í predikunum sínum.“

Stór hluti þjóðarinnar fer á miðilsfundi

Að sögn Magnúsar byrjaði áhugi hans á andlegum málefnum þegar hann var litill drengur. „Foreldrar mínir voru spíritistar og það var eðlileg hugsun á heimilinu að það væru til aðrir heimar. Heimur þar sem guð héldi sig, heimur fyrir þá látnu, álfabeimar og ótal aðrir. Ég hef aldrei verið skyggn eða séð neitt dulrænt en hjá mér óx mikil forvitni og áhugi um málefnið. Þetta olli mér miklum heilabrotum þegar ég var krakki. Eitt sinn þegar ég var í landafræði-



Einn spámiðillinn okkar sá sýn um að neglt hefði verið fyrir Smáralindina en ég vona nú að það rætist ekki.

tíma í Hlíðaskóla þá barst í tal hversu mikill mannfjöldi væri á Norðurlöndum. Ég spurði kennarann þá hversu mikið væri af huldufólki á Íslandi. Þá svaraði kennarinn að það væri ekkert huldufólk á Íslandi og að þetta væru bara sögur. Þá gerði ég mér grein fyrir klemmuni sem málið var í. Annars vegar er fólkíð sem sér þessa hluti og hins vegar eru þeir sem trú engu og afskrifa þetta allt sem vitleysu. Alla mína ævi hef ég hitt fólk sem hefur reynslu af öðrum heimum. Snemma upphöfst skipuleg söfnun frásagna sem ég hef nú safnað áratugum saman.“

Þeir Íslendingar sem búa yfir skyggnigáfu sjá stóra flóru af yfirskilvitilegum fyrirbærum að sögn Magnúsar. „Sumir sjá fyrirbæri aftur í tímann, aðrir fram í tímann. Sumir sjá álfa, aðrir drauga og sumir eithvað allt annað. Íslendingar sjá framliðna mjög oft og þora að tala um það. Töluvert stór hluti þjóðarinnar fer á miðilsfundi en í gegnum sálarrannsóknarfélögin er hægt að komast í samband við góða miðla.“ Þar að auki er svo hið séríslenska huldufólks-fyrirbæri sem Magnús segir hafa mikla sérstöðu í heiminum. „Þessi tengsl við álfa og huldufólk eru hvergi til annars staðar nema hjá frumbyggjum. Mín skoðun á þessu máli mótast af sagnfræðinámi mínu en ég held að þetta sé svona hér á landi vegna þess að upplýsingastefnan komst ekki til Íslands fyrr en undir lok 19. aldar.“

Um 1870 voru aðeins þrjár eða fjórir háskólamenntaðir menn á landinu. Þegar upplýsingastefnan er mótuð í Evrópu var hún mótuð gegn hjátrú, hindurvítum, bábilju, dellu og vitleysu. Hún var reyndar mjög nauðsynleg stefna til þess að rísa upp á móti framkomu kirkju og valdamanna oft og tíðum. En upplýsingastefnan hreinsaði hins vegar út trú á líf eftir dauðann og trú á náttúruvætti. En hér á Íslandi barði upplýsingastefnan

að koma aftur, en það er margt sem bendir til þess. Það kom mér einnig á óvart hversu veröld álfa og huldufólks er umfangsmikil og hversu geimverureynsla fólks er merkileg og hvaða merkilegu hluti geimverur hafa sagt við jarðarbúa. Ótrúlegt er líka að heyra hvað framliðnir hafa sagt við núlifandi manneskjur. Við höfum verið með skipulegar handanheimarannsóknir hér hjá félaginu í vísindahóp og fengið að spyrja hvernig landslagið og siðmenningin er hinum megin, um hvernig það er að deyta og um hvernig þeir geta fylgst með okkur sem og nátturulögmál sem þar virðast ríkjja. Okkur hefur tekist að ná ótrúlega heildstæðri mynd og við Sveinn Baldursson, varaformaður félagsins, erum að skrifa bók sem útskýrir þennan heim nokkuð vel fyrir almenningi og birtir niðurstöður úr þessum rannsóknum okkar. Hún kemur vonandi út í haust og heitir Leitinn að tilgangi heimsins.“

Magnús segist eiga sér stóran draum fyrir framtíðina. „Ég á mér þann barnalega draum að annars vegar verði þessir andaheimar kortlagðir nokkuð vel, sem við erum að gera, og hins vegar að fjölmargir miðlar eða transmiðlar verði á boðstólum fyrir þá sem vilja tala við látna ástvíni. Þá gæti fólk komið og verið í sambandi við framliðna hvenær sem það óskaði þess. Ég á mér einnig þann draum að sorg vegna missis hverfi. Það eina sem er ekki hægt að taka í burtu er eftirsjá og vanlíðan út af aðskilnaði en það yrði hægt að hafa samband yfir í hinn heiminn hvenær sem er. Þetta yrði mesta hljóðláta bylting mannkynsins. Að vita hvert menn eru að fara, hvaðan þeir komu og hvað þeir eru að gera hér. Það eru svo yfirgengilega miklir fordómur gagnvart þessum málaflokki. Fólk segir oft að þetta sé ekki til, að þetta sé geðveiki, eða að þetta sé fjárplúgustarstarfsemi. Þar er málið stöðugt og þar er það fast. Ég á mér þá trú að þetta verði rannsakað með jákvæðu og opnu hugarfari. Ég held ekki að margir menn myndu hegða sér illa ef þeir vissu fyrir vísu að örlög og gerðir þeirra biðu þeirra á efsta degi. Eins og Descartes og fleiri rituðu: þegar trú er tekin út úr siðmenningunni þá hrynur hún á endanum undan sjálfri sér.“

HLUTFALL FÓLKIS Í NOKKRUM LÖNDUM SEM TRÚIR Á LÍF EFTIR DAUÐAN

Samkvæmt hinnu alþjóðlegu lífsgildakönnun (tekið úr bók Erlendar Haraldssonar)

	1981-84	1990	2000
Ísland	60%	81%	78%
Finnland	60%	60%	55%
Svíþjóð	35%	38%	46%
Danmörk	32%	34%	38%
Noregur	51%	45%	-
Bandaríkin	80%	78%	78%
Ítalía	59%	68%	73%
Bretland	56%	52%	60%



NÚ Á **2** STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

RAFMAGNSVERKFAERI

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



2595-

BORVÉL



5995-

VIKUTILBOÐ

Á RAFMAGNSVERKFAERUM
25% AFSLÁTTUR

Á meðan birgðir endast.



3495-

SLÍPIROKKUR 600W

39.900-

ALHLÍÐASÖG - VELTSÖG



2595-

STINGSÖG 350W

3995-

HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM



9559-

FLÍASÖG



4795-

FRÆSARI



5879-

HJÓLSÖG 1400W



16.795-

BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W



RAFSTÖÐVAR
800W **23995-**
2200W **39995-**
5500W **69595-**



3479-

SLÍPIMÚS



2699-

JUÐARI 150W



8395-

BÚTSÖG 1300W

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16

ÞÚ FÆRÐ MEIRA FYRIR KRÓNUNA Í SUMUM BÍLUM



NÝTT ÚTIBÚ BNB

Nú hafa Toyota BETRI NOTAÐIR BÍLAR opnað nýtt og glæsilegt útibú að **Kletthálsi 2**. Betur yfirfarnir bílar í betra ástandi og á betra verði hjá öllum söluaðilum Toyota.


Opið: BNB Kletthálsi, Toyota Kópavogi, Toyota Akureyri, Toyota Reykjanesbæ, Toyota Selfossi og Toyota Austurlandi **laugardag kl. 12-16**




ÚRVALSBÍLL **KLETTHÁLSI**
Toyota RAV4
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 65.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. UG-561
Betra verð 2.090.000 kr.



ÚRVALSBÍLL **KLETTHÁLSI**
Toyota Yaris
1300 Bensín 5 gíra
Á götuna: 09.07 Ekinn: 17.000 km
Verð: 1.810.000 kr. Skr.nr. IV-A47
Betra verð 1.690.000 kr.



ÚRVALSBÍLL **KÓPAVOGI**
Toyota Avensis Sol
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.07 Ekinn: 43.000 km
Verð: 2.760.000 kr. Skr.nr. OI-904
Betra verð 2.490.000 kr.



ÚRVALSBÍLL **KLETTHÁLSI**
Toyota Yaris T-Sport
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 02.07 Ekinn: 13.000 km
Verð: 2.350.000 kr. Skr.nr. LJ-017
Betra verð 2.090.000 kr.



ÚRVALSBÍLL **KLETTHÁLSI**
Toyota Corolla
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 26.000 km
Verð: 1.950.000 kr. Skr.nr. VE-492
Betra verð 1.690.000 kr.



ÚRVALSBÍLL **KLETTHÁLSI**
Toyota Land Cruiser 120 VX
4000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.05 Ekinn: 70.000 km
Verð: 4.590.000 kr. Skr.nr. KZ-266
Betra verð 3.990.000 kr.



ÚRVALSBÍLL **KLETTHÁLSI**
Toyota Prius Hybrid
1500 Bensín/Rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 08.06 Ekinn: 28.000 km
Verð: 2.660.000 kr. Skr.nr. PY-057
Betra verð 2.450.000 kr.



GÆÐABÍLL **KLETTHÁLSI**
Toyota Corolla W/G
1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.03 Ekinn: 95.000 km
Verð: 1.020.000 kr. Skr.nr. PR-733
Betra verð 890.000 kr.

Hvað er Úrvalsbíll?

Er í verksmiðjuábyrgð.
12 mánaða viðbótarábyrgð.

Hvað er Gæðabíll?

Er ekki í verksmiðjuábyrgð.
3 mánaða viðbótarábyrgð.

BNB-sölugreining

Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhalds-sögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

NÝTT ÚTIBÚ

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Betri Notaðir Bílar
Kletthálsi 2
Reykjavík
Sími: 570-5220

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL



GUÐMUNDUR PÉTURSSON GÍTARLEIKARI Versta starfið var að vera kántríbassaleikari á krá í Þingholtsstræti.

FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Ég er stórborgarbarn

Einn fremsti gítarsnillingur Íslendinga, **Guðmundur Pétursson**, gaf nýlega út sólóplötuna Ologies en útgáfutónleikar verða haldnir í næstu viku. *Anna Margrét Björnsson* tók Guðmund í þriðju gráðu yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Guðmundur Svöfuson Pétursson

STARFSFERILL Í HNOTSKURN: „Var þetta take?“

FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI: 1972 þegar Volkswagen bjalla sló öll söllumet.

Hvenær varstu hamingjusamaður? Þegar haldið var upp á afmælið mitt.

Ef þú værir ekki tónlistarmaður hvað myndirðu þá vera? Landslagsmálari. Það vék fyrir tónlistinni á sínum tíma.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér? Í október keypti ég mér smurða braudsneið í Kaupmannahöfn á 4.000 kr.

Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig? Þetta er ekki fyrir þig!

Ef þú byggir ekki í Reykjavík hvar myndirðu vilja búa? NYC, Berlín, London... ég er stórborgarbarn.

Uppáhaldslistamaður allra tíma og af hverju? Lennon hitti á taugar í fólki sem áður voru ósnertar.

Draumahelgin þín í einni setningu? Speltþitsa og sjónvarpið.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Kántríbassaleikari á krá í Þingholtsstræti þar sem listamenn voru sviknir um öll laun og beittir ofbeldi af dyravörðum.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðinni? Efra-Breiðholt yfir Hellisheiði og út suðurströnd landsins.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag ertu að hlusta mest á í dag? 70's tilraunarrokkstefnur og gömlu Chess-blúsplöturnar. Ég hlusta ekki á lög, bara plötur í heild sinni.

Ef að þú ættir tímavél, hvert myndurðu fara og af hverju? Ég væri til í að svipast hér um á landnámsöld og fá nokkra hluti á hreint.

Er eitthvað sem heldur fyrri þér vöku á nóttunni? Nei.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera? Ég hefði verið til í að hafa lesið skólabækurnar.

Hvenær fékkstu síðast hláturskast? 24.janúar kl. 11.43.

Áttu þér einhverja leynda nautn? Ég vil halda öllum nautnum uppi á borðunum, en hefði ég leyndar nautnir þá færu þær varla í fjölmíðla.

Uppáhaldsbókin þessa stundina? Gamla testamentið. Það er mun bitastæðara og skemmtilegra en þetta nýja.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Nelsons Mandela.

En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki? Tony Blair.

Uppáhaldsorðið þitt? Kisi.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín? Ég hef andstyggð á fullkomnun.

Af hvaða einu lag verður þú að taka „cover“ áður en þú deyrð? Sultans of Swing.

Hvað verða þín frægu hinstu orð? „Allt í góðu.“

Hvað er næst á dagskrá? Útgáfutónleikar í tilefni af útgáfu plötu minnar Ologies sem fara fram í Bæjarbíói Hafnarfirði kl. 21 á miðvikudaginn.



MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Strákar með sítt hár Hver hefur efni á því að fara í klippingu í kreppunni? Strákar með sítt hár eru aftur flottir, tími stroknu viðskiptagauranna er alveg liðinn. Hæfilega sítt hár er flott og listamannslegt, en það er aftur á móti enginn að tala um að hár niður á bak að hætti þungarokkara eða að sítt tagl sé fallett, það er jafn lummulegt nú sem fyrr.

Skíði Loksins snjóar á suðvesturhorninu og ekki eftir neinu að bíða að finna til skíðagæjurnar og skella sér í fjöllin. Ef skíði eru ekki til á heimilinu þá er hægt að leigja sér skíði í Bláfjöllum og halda af stað í brekkurnar. Flottur stilli í brekkunum næst ekki nema með æfingu og það er um að gera að drífa sig á meðan færi gefst í fjöllin. Það er alltaf eitthvað sigilt og flott við það.



Að setjast á skólabekk Margir hafa misst vinnu eða sjá kreppuna hreinlega sem tækifæri til að gera eitthvað nýtt og spennandi. Hvernig væri nú að kíkja á valmöguleikana?



Sól-gleraugu

Sólin er loks komin upp á himininn og skín skært á snjóinn svo maður fær ofbirtu í augun. Nú er tíminn til að draga fram rokkargleraugun og vera svalur á því.

■ Á niðurleið

Rauðvín Verðið hefur hækkað svo svakalega á vini að það er hægt að afskrifa ljúfar stundir yfir rauðvinsdrykkju í náinni framtíð. Að minnsta kosti ef maður vill forðast að fara á hausinn.



Afskorin blóm Ótrúlegur munaður þessa stundina og alls ekki hægt að kaupa liljur og rósir vikulega eins og í góðærinu. Nú er bara að vona að jólastjarnan dugi fram á vor.

Facebook-skilnaðir Vandræðalega hallærislegt þegar fólk hellir úr tillífinngaskálum fyrir allra augum á netinu. Erum við í Bandaríkjunum?

Dýrar veislur Snittur og kampavín eru alls ekki málið. Líðið á að mæta með eigin flöskur og splæsa saman í saltstangir og stjörnusnakk.



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2009

Reykjavíkurborg auglýsir hér með eftir óprentuðu handriti að ljóðabók, frumsömdu á íslensku, til að keppa um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar sem verða til úthlutunar á síðari hluta árs 2009.

Verðlaun að upphæð 600 þúsund krónur verða veitt fyrir eitt handrit.

Þriggja manna dómnefnd metur verkin; Kolbrún Bergþórsdóttir formaður og Jón Óttar Ragnarsson tilnefnd af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og Ingibjörg Haraldsdóttir tilnefnd af Rithöfundasambandi Íslands.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður. Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaaafhendingu niður það ár. Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og heimilisfang fylgi með í lokuðu umslagi.

Handrit berist í síðasta lagi 1. júní 2009.

Utanáskrift:

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar b.t. Signýjar Pálsdóttur, skrifstofustjóra menningarmála, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, Vesturgötu 1, 2.hæð, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs s. 5901520 og 5901521.

2009

MÍN BORG

ICELANDAIR 

HUGURINN BER ÞIG ADEINS HÁLFA LEIÐ

NEW YORK

frá 29.720 kr.

Brooklyn er heimurinn í hnotskurn
Besta máltíðin undir 10\$

BOSTON

frá 29.720 kr.

Tveir fínir dagar í Boston
Frábær söfn

AMSTERDAM

frá 17.300 kr.

Guðrún Kristín segir okkur
frá borginni sinni

STOKKHÓLMUR

frá 14.900 kr.

Gamla Stan með Bellman í æðum
Vasasafnið – Skansen – Strandvägen

35–46% afsláttur

Economy Comfort

TIL EVRÓPU OG BANDARÍKJANNA

GEYMIÐ BLAÐIÐ

Flug og gisting í
2 nætur frá 49.900 kr.

á mann í tvíbýli á Freys Hotel ***
Innifalið: Flug báðar leiðir,
flugvallarskattar, gisting og morgunverður.

UPPLIFUN Í STOKKHÓLMI



Gamla Stan með Bellman í æðum

Elsti bæjarhlutinn, þröng stræti og andrúmsloft frá 17. og 18. öld, skemmtilegar smábúðir, gjafavörubúðir, hver kráin annarri skemmtilegri og margir veitingastaðir. Skoðuðu Stóra torgið og kannski Nóbels-safnið. Tilvalið að setjast, eins og mörg önnur skáld hafa gert, inn á Grámunkinn og láta andann koma yfir sig.

Vasasafnið

Í 333 ár lá herskip Gústafs annars Adolfs á botninum í hafnarmynni Stokkhólmsborgar. Árið 1961 tókst mönnum svo að bjarga þessu stórkostlega skipi upp á land og hafa reist í kringum það safn sem hefur meira aðdráttarafli á gesti borgarinnar en nokkurt annað safn í Stokkhólmi.

Gefið ykkur góðan tíma. Einstaklega skemmtilegt, líka fyrir börnin.

Skansen

Byggðasafn fyrir alla Svíþjóð og dýragarður með „sænskum“ dýrum. Gaman að fara með börnin þangað. Heimsókn á Skansen er dagsferð og skemmtileg upplifun fyrir unga sem aldna.

Strandvägen

Hann tengir saman miðborgina og er ein skemmtilegasta gönguleiðin í borginni. Við Strandvägen er hægt að vipa sér um borð í bát og sigla út á einhverja af 24.000 eyjunum í Skerjagarðinum.

Kulturhuset við Sergelstorg

Það er nauðsynlegt að skoða. Farið á milli hæða og margra menningarheima á örstuttum tíma.

Drottningholm

Hér var áður sumarihöll Sviakóna en sænsku konungshjónin hafa búið hér allt árið síðan 1981. Bygging hallarinnar hófst 1662. Í dag er svæðið friðað og á heimsminjaskrá UNESCO. Sleppið ekki að skoða leikhúsið sem er óbreytt frá 1766.



Vildarklúbbur

Flug til Stokkhólms gefur 2.500–8.000 Vildarpunkta.

Upplifun rétt fyrir utan Stokkhólm

- Drottningholm
- Háskólabærinn
- Uppsalar
- Falun við Siljanvatn
- Östergötland
- Linköping – Gävle
- Dalarna
- Dýragarðurinn í Kolmården
- Heimili Astrid Lindgren í Junibacken

– og svo auðvitað allt hitt.

Reykjavík – Stokkhólmur frá 14.900 kr.

Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum.
Flugið er daglega allt árið um kring.

AUKINN HRAÐI

og þægindi
með netinnritun

Viðskiptavinir Icelandair geta nú innritað sig í gegnum Netið allt að 22 klukkustundum fyrir áætlaða brottför. Í netinnritun velurðu sæti og prentar út þitt eigið brottfararspald. Þá þarftu ekki að fara í gegnum hefðbundna innritun og spara tíma. Það er því tími fyrir meiri morgunmat, meira kaffi, meiri vinnu eða einfaldlega aðeins meiri svefn. Nánari leiðbeiningar eru á www.icelandair.is

NÝJAR REGLUR um komu til Bandaríkjanna

Ef þú ert á leið til Bandaríkjanna skaltu hafa í huga að ferðamönnum er nú skylt að sækja um rafræna ferðaheimild. Það er á ábyrgð farþega að sækja um ESTA skráningu fyrir brottför og er æskilegt að sótt sé um ferðaheimildina á vefnum minnst þremur sólarhringum (72 klst.) fyrir brottför. Leyfið gildir í tvö ár en fyrir hverja ferð þarf að uppfæra ferðaupplýsingar. Nánari upplýsingar er að finna á www.icelandair.is og www.usa.is

NÝIR ÁFANGA- STAÐIR í Noregi og Þýskalandi

Tveir nýir áfangastaðir bætast við hjá Icelandair með sumarætlun félagsins. Um er að ræða borgina Düsseldorf í hjarta Þýskalands við bakka Rínar en borgin er miðstöð viðskipta, menningar og tisku. Í Noregi bætist við nýr áfangastaður: Stavanger. Borgin er oft kölluð „olíuhöfuðborg“ Noregs en það gefur kannski ekki rétta mynd af borginni sem er fögur norðurlandaborg með mjóum strætum milli hvítra húsa. Í næsta nágrenni er síðan ægífögur náttúra Noregs.

ÍSLENSKT EFNI FYRIR BÖRNIN

Í nýju afþreyingarkerfi um borð í flugvélum Icelandair er lögð áhersla á vandað barnaefni. Meðal þess sem Icelandair býður börnunum upp á er sagan um Litlu lírfuna ljóta og Latibær og er hægt að velja um íslensku eða ensku sem tungumál. Allir þekkja Latabæ og Litla lírfan ljóta eftir Gunnar Karlsson hefur hrugað að sér verðlaunum á síðustu misserum. Auk þess er fjöldi annarra barnaþátta en með ensku tali.



Verslaðu YFIR ATLANTS- HAFINU

Saga Shop er ein af vinsælustu verslunum landsins og alveg örugglega sú sem fer víðast. Sífellt fleiri hafa líka nýtt sér netverslun Saga Shop, www.sagashop.is, til að kaupa vörur sem fólk fær síðan afhentar þegar það flýgur með Icelandair eða biður vini eða fjölskyldu um að taka með sér.



Tími til að ferðast

„Áfangastaðurinn er aldrei staður heldur ný sýn á heiminn.“ Eitthvað á þessa leið útleggjast orð ameríska rithöfundarins Henry Miller. Það eru örugglega margir sammála þessum orðum skáldsins; flest höfum við þessa reynslu af því að koma til annarra landa. Ferðalög eru meira en ferð milli staða. Upplifunin er í mörgum tilfellum bæði ástæða og grundvöllur ferðalaga. Við höfum þörf fyrir að skipta um umhverfi reglulega. Ekki til þess að flýja hversdagsleikann heima heldur miklu frekar til að bæta við reynslu okkar og þekkingu.

Tæknin hefur gert okkur kleift að skrásetja ferðalög okkar betur og betur. Heilu myndasöfnin byggjast upp með minningum okkar frá stöðum víðs vegar um heiminn. Við tökum myndir af börnunum okkar á Times Square í New York, á Gamla Stan í Stokkhólmi og í mörgum alþjóðlegum leynast eflaust þó nokkrar myndir af þörum á bökkum Signu. Allt er þetta skrásett. Þeir eru eflaust færri sem skrásetja heimkomuna á sama hátt. Við könnumst samt við tilfinninguna að koma heim, finna hressandi andvara/gust/rok þegar

stigið er út úr Leifsstöð, sjá Reykjanesfjallgarðinn sem er á einhvern hátt alltaf jafn exótískur og frelsandi.

Á síðustu árum hafa ferðavenjur Íslendinga breyst. Ferðalög hafa orðið stærri hluti af lífi okkar. Við hjá Icelandair teljum að ferðalög séu komin á þann stall hjá íslensku þjóðinni að þau séu mikilvægur hluti af menntun og menningu okkar. Ferðalög gera okkur á einhvern hátt stærri. Þau kynna okkur fyrir nýjum síðum og nýjum viðhorfum sem aftur veita okkur nýja sýn á okkar eigið

land. „Áfangastaðurinn er aldrei staður heldur ný sýn á heiminn.“ Við erum sammála Henry Miller og höldum áfram að bjóða upp á góða þjónustu og þægindi fyrir viðskiptavinum okkar. Flugferðin er hluti af ferðalaginu og við viljum gera hana sem ánægjulegasta.

Næstu vikurnar geta lesendur Fréttablaðsins gengið að umfjöllun um ferðalög og tilboð Icelandair visri í laugardagsútgáfu blaðsins.

Sjáumst um borð.

Vildarklúbbur

Flug til Amsterdam gefur 2.500–8.000 Vildarpunkta.

Flug og gisting
í 3 nætur frá 75.900 kr.
á mann í tvíþýli á Mövenpick Amsterdam****
Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar,
gisting og morgunverður.

MÍN AMSTERDAM



Guðrún Þorkelsdóttir
listamaður



Söfn í Amsterdam

– sem þið verðið að skoða

Rijksmuseum – Ríkislistasafnið
Stærsta listaverkasafn í Hollandi, fjársjóður af hollenskri myndlist.

Van Gogh safnið
Stærsta safn af verkum eftir Van Gogh, 200 málverk, 500 skissur o.fl.

Amsterdams Historisch Museum – Sögusafn borgarinnar
Eftirminnilegt ferðalag til fortíðarinnar.

Stedelijk Museum – Borgarlistasafnið
Gott safn af nútímalist. Heimskunn verk eftir t.d. Malevich, Picasso, Mondriaan, De Kooning and Rietveld.

Hús Önnu Frank
Ykkar bíður einstök og viðkvæmnisleg upplifun í húsinu við Prinsengracht þar sem gyðingastúlkan Anna Frank hélt dagbók sína.

Rembrandtssafnið
Hús frá 17. öld þar sem hann bjó, hinn heimskunni málarí Rembrandt van Rijn. Allt er nánast með sömu ummerkjum og þegar málarinn lifði og starfaði í húsinu.

New King

Zeedijk 115-117 (Nieuw Markt)
Tel: 020-6252180
www.newking.nl

Kinverskur staður rétt hjá Centraa Station. Mjög góður matur, mikill erill og best að panta ef stór hópur ætlar að borða saman. Verðið mjög gott.

Panini

Vijzelgracht 3-5
Tel: 020-6264939
www.restaurantpanini.nl

Mjög góður ítalskur matur. Fjölskyldurekinn og vinalegur staður. Góður vinlisti og ítalskir kokkar. Rólegur staður og hægt að hafa rómantík með ef vill. Verð mjög gott.

Veitingastaðir

Vinkels, Dylan Hotel Amsterdam

Keizersgracht 384
Tel: 020-5302010
www.vinkels.com/

Lúxusstaður með kertaljósum og matseðil á franskrí línu. Hægt er að skarta sínu finasta þússi í þessu glæsilega hóteli. Góður vinlisti. Mjög dýrt en gott.

Rainari

Prinsengracht 252
Tel: 020-6249791

Alsírskur staður, agnarlitill með fáum borðum. Gott að fá sér hádegisverð en betra að panta borð fyrir kvöldverð. Fágaður en einfaldur matseðill, fiskur, kjöt og grænmetisréttir, og kokkurinn kemur og spyr hvernig hver og einn vill fá matinn sinn eldaðan. Enginn bjór en ágætis vinlisti og gott verðlag.

01 Hverfið sem kallast „Strætin 9“ sem er á milli Singel og Prinsengracht og markast af Raadhuisstraat til hægri og Leidsegracht til vinstri þegar gengið er frá Damtorgi. Þetta er blanda af íbúðarhverfi, bókabúðum, kaffihúsum, alls konar sérbúðum (t.d. Tannburstabúðin), tiskuverzlunum og verslunum með notaðan fatnað. Þarna er einnig „Pompadour“ í Huidenstraat 12, en þar fæst besta konfektíð í borginni og gott að fá sér kaffi og með því eftir gönguferð um hverfið Hurenkind.

02 Allir vita um stóru, frægu söfnin en færri um öll hin söfnin. Hér er t.d. „Tassenmuseum Hendrikje“ á Herengracht 573 (fyrir aftan Rembrandtsplein) en þar má kynna sögu handtöskunnar í 500 ár. Svo er „Brilmuseum“ eða Gleraugnasafnið, gleraugnasagan í 700 ár, í Gasthuismolensteeg 7, („Strætin 9“) og Túlipanasafnið á Prinsengracht 112.

03 Í Hortus Botanicus (grasagarðinum) á Plantage Middenlaan 2a er gott að slaka á. Fiðrildahúsin eru stórmerkileg. Í garðinum er líka kaffihús og hægt að eyða heilum degi þarna í ró og friði innan um frumandi plöntur og fiðrildi.

04 Vondelpark, sem er rétt hjá Leidseplein, er einn af þessum friðsælu stöðum í borginni. Eftir góðan göngutúr um garðinn og kannski eftir að hafa faðmað nokkur tré er yndislegt að setjast á „Vertigo“, veitingastaðinn í miðjum garðinum sem er til húsa í gamla kvikmyndasafninu og heitir í höfuðið á samnefndri kvikmynd eftir Hitchcock.

05 Þeir sem hafa áhuga á byggingalist ættu að fara í „Tuschinski“ en það er kvikmyndahús, byggt í jugendstil, á Reguliersbreestraat rétt hjá Rembrandtsplein.

06 „Begijnhof“ er ein af þessum friðsælu vinjum í miðri borginni; við Spui (farið í gegnum dyr frá torginu inn í garðinn). Gott að setjast þar niður. Opíð frá kl. 8–17.

07 Góð gönguferð er alltaf hressandi. Eg mæli með að ganga frá Waterlooplein meðfram ánni Amstel (sem Amsterdam er kennd við) að Magere Brug sem er ein af elstu hengibrúum í Amsterdam og er fyrsta brúin yfir ána. Þarna eru skipastigar í ánni, ein af hugvitsamlegum uppfinningum Hollendinga sem alltaf hafa þurft að

kljást við vatnið. Þegar gengið er yfir brúna tekur Kerkstraat við. Á horninu á Kerkstraat og Utrechtsestraat er „Cafe Krom“, ein af bestu krám í borginni þar sem menn leggja metnað sinn í að hafa bestu hollensku veigarnar á boðstólum. Á Utrechtsestraat 40 er plötu- og cd-búðin „Concerto“ með mjög gott úrval af tónlist. Beint framundan er svo Rembrandtsplein og blóma-markaðurinn.

08 Á „Hotel American“ hjá Leidseplein er alltaf gott að koma, lesa blöðin, fá sér kaffibolla og láta sig dreyma. Þar trúlofaðist Mata Hari forðum daga og eflaust margir aðrir. Þarna voru þorablót Íslendingafélagsins haldin og ... ekki söguna meir.

Reykjavík – Amsterdam frá 17.300 kr.

Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flugið er allt að 9 sinnum í viku til Amsterdam.



10 kvikmyndir frá Brooklyn

- Sophie's Choice
- For Pete's Sake
- The Squid and the Whale
- She's Gotta have it
- Little Fugitive
- Smoke / Blue in the Face
- Saturday Night Fever
- Dog Day Afternoon
- Moonstruck
- Do the Right Thing

Manhattan er miðja New York borgar. Þangað liggur strumur ferðamannanna. Eyjan er líka stórfengleg þegar maður kemur frá JFK flugvöllinum og sér í fjarska rísa upp úr borginni skjákljúfana, útlínur Manhattan. Einhvern veginn er þessi sýn svo sterk að manni verður ekki litið í kringum sig yfir Brooklyn sem ekið er í gegnum áður en komið er að Hudson ánni og Manhattan tekur við.

Brooklyn er stór, ekki bara að flatarmáli heldur er íbúafjöldinn mikill; ef Brooklyn væri sjálfstæð borg þá væri hún sú fjórða stærsta í Bandaríkjunum.

Borg fjölbreytninnar

Brooklyn er innflytjendaborg. Þar koma saman mörg samfélög innflytjenda og gera Brooklyn að ótæmandi menningaruppsprettu. Innflytjendur frá Afríku, Karíbahafi, Rússlandi, spænskumælandi löndum, Ítalíu, Kína, Írlandi og

Póllandi auk þess sem samfélag hreintrúðra gyðinga er stórt í Brooklyn, líklega það stærsta utan Ísraels. Þið getið því rétt imyndað ykkur hvílikt himnaríki Brooklyn er fyrir matarhúgafólk.

Perla Brooklyn

Ein af perlum Brooklyn er Prospect garðurinn sem gefur Central Park ekkert eftir. Enda hófust hönnuðir Central Park, Frederick Law Omsted og Calvert Vaux, handa við Prospect garðinn eftir að hafa lokið við uppbygginguna á Manhattan.

Í garðinum er stærsta engi amerískra garða, dýragarðurinn Prospect Park Zoo, Prospect vatnið, Batahúsið þar sem er gestastofa Prospect garðsins og sérstök náttúruverndarmiðstöð.

Menningarborg Ameríku

Brooklyn hefur leikið stórt hlutverk í menningarsögu New York. Woody

Allen ólst upp í Brooklyn og gerast nokkrar af myndum hans þar, til dæmis Radio Days. Fjölmargar stjórnur búa eða hafa búið í Brooklyn, þeirra á meðal rithöfundurinn Paul Auster, leikarinn og leikstjóriinn Mel Brooks, skákmeistarinn og Íslandsvinurinn Bobby Fischer, rapparnir í Gang Star, tónskáldin George og Ira Gershwin, söngkonan Lena Horne, körfuboltamaðurinn Michael Jordan, sjónvarpsmaðurinn Larry King, Heath heitinn Ledger, rithöfundurinn Norman Mailer, kvikmyndaleikstjóriinn Spike Lee, leikskáldið Arthur Miller, leikarinn Eddie Murphy, boxarinn Mike Tyson, leikarinn John Turtorro og margir fleiri. Brooklyn hefur því haft mikil áhrif á ameríska menningu.

Tveir staðir

Tvö svæði skulu sérstaklega nefnd hér. Annars vegar Bedford Street í Williamsburg. Þar er hægt að tölta á

Flug og gisting í 2 nætur frá 67.900 kr.

*á mann í tvíþýli á Cosmopolitan Hotel Tribeca ****

Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting.

NEW

er ekki bara Manhattan – Brooklyn er heimurinn í hnotskurn



milli veitingastaða og skella sér inn í fjölmargar verslanir með notuðum fatnaði. Gatan íðar af mannlífi. Williamsburg er eitt vinsælasta hverfi Brooklyn um þessar mundir. Gamlar verksmíðjur hafa verið rifnar og upp rísa ný glæsihýsi á milli gamalla húsa. Williamsburg er við norðurbakka Hudson-árinnar og tengir hin fagra Williamsburg-brú hverfið og eyjuna Manhattan.

Hins vegar skal nefnt hverfi sem kennt er við Park Slope og er í suðurhlíðum Prospect garðsins. Þar er að finna mikið af verslunum og skemmtilegum veitingastöðum. Eftir góðan göngutúr um hinn víðfeðma Prospect garð er gott að setjast inn á austurríska veitingastaðinn Steinhof á horni 7. breiðgötu og 14. strætis þar sem Vínarsnitsel er kjarngott með góðu staupi og bjór sem heitir sameiginlega U-boat. Ef fólk er í amerískari hugleiðingum þá má finna klass-

ískan og skemmtilegan „diner“ á horni 8. breiðgötu og 9. strætis.

Af öðrum stöðum í Brooklyn má nefna Coney Island, Brooklyn Academy of Music, þar sem framsækin list á sér lögheimili, en þar syndi Vesturport Woyzeck sídasta haust; Brooklyn Museum, Brooklyn Children's Museum og Green-Wood kirkjugarðinn þar sem frægir listamenn, stjórnmálamenn og mafíuforingjar eru jarðsettir.

Reykjavík – New York frá 29.720 kr.

Flug aðra leiðina og flugvallarskattar. Flugið allt að 10 sinnum í viku til New York og þar af morgunbrottfarir 3 daga vikunnar yfir sumartímenn.

TAKIÐ LESTINA FRÁ JFK

og sparaðu nokkra dollara

Þeir sem eru ekki hlaðnir farangri en vilja gæta hagsýni og spara nokkra tugi dollara ættu að sleppa því að taka leigubil til og frá Kennedy-flugvelli og frekar nýta sér lestarferðir til og frá flugvöllinum.

Á flugvöllinum sjálfum er hægt að taka sérstakar flugvallarlestir, AirTrain JFK, sem ganga á milli allra flugstöðva (terminals) og lestarstöðva sem tengjast neðanjarðarlestum til New York, Howard-

Beach-JFK stöðinni og Jamaica Station við Long Island Rail Road.

Báðar AirTrain JFK lestir ganga rangsælis og réttsælis á milli flugstöðvanna.

Far á milli flugstöðva er ókeypis en far til lestarstöðvanna kostar \$5.

Far frá tengistöðvunum til Manhattan t.d. kostar \$1,50 og ferðin tekur um eina og hálfu klukkustund.



fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]
janúar 2009

Foreldrar Vésteins
og Huldu minnkuðu
við sig vinnu til að
gæta þeirra

SAMAN ALLA DAGA

FLOTT Í HEIMAPRJÓNUÐU ■ TÝNDI SONURINN SNERI AFTUR ■ FJÖLSKYLDAN SLAKAR Á



Vera
Einarsdóttir
skrifar

JAMM OG JAHÁ

Eins og margur veit þá gefst það betur í barnauppleidi að styrkja jákvæða hegðun en að refsa fyrir neikvæða. Þetta vefst þó fyrir mörgum enda er neikvæða hegðunin oft fyrirferðarmeiri og fangar frekar athyglina en sú jákvæða. Ég hef þó reynt að hafa þennan vísdóm að leiðarljósi og á ljúfan og meðfærilegan dreng, sem ég skrifa þó fyrst og fremst á hans eigin persónuleika.

Þegar hann var þjakkur, sat í herberginu sínu og lék sér í mestu makindum settist ég stundum hjá honum, forvitnaðist um það hvað hann var að gera og reyndi af veikum mætti að leika við hann í pleymö. Þá hrósaði ég honum í hástert fyrir jákvætt framtak af ýmsu tagi. Þannig taldi ég mig, meðal annars, vera að veita jákvæðri hegðun hans athygli. Ég verð þó að játa það að oft á tíðum hallaði ég hurðinni aftur og notaði tímann, á meðan hann dundaði sér, til að þeytast í loftköst-um um íbúðina, setja í vél, hengja upp, þurrka af, búa um, rista mér brauð og jafnvel glugga í blað. Ef hann lét á sér bæra áður en ég hafði lokið verkum mínum setti ég jafnvel teiknimynd í tækið til að kaupa mér tíma og frið. Honum virðist sem betur fer ekki hafa orðið alvarlega meint af þó uppeldið hafi ekki alltaf verið í samræmi við bestu sannfæringu.

Í dag er drengurinn nánast farinn að ganga sjálfala og get ég með góðri samvisku sinnt heimilisverkum á meðan hann sinnir sínu. En eftir því sem hann eldist og þroskast eykst þörfin fyrir að spjalla og segja frá til muna. Mér þykir fátt skemmtilegra en að spjalla við hann um daginn og veginn. Ég verð þó að viðurkenna það að stundum reikar hugurinn annað eftir margar nokkuð sundurlausar lýsingar á viðburðum dagsins, leikritinu sem á að fara að setja á fjalirnar eða uppátækjum skólafélaganna. Hefur það sérstaklega ágerst nú þegar hver stórfréttin rekur aðra og hugsanirnar eru allar í graut. Þá eiga undirtektirnar það oft til að verða á þessa leið: „jamm, jahá, en gaman.“ Ég ranka svo við mér þegar gaurinn engist um af óánægju og pirringi yfir því að ég hafi sagt „jahá“ á kolvitlausum stað og komið upp um það að ég hafi ekki verið að hlusta.

Þá upphafst eltingaleikur þar sem ég hleyp á eftir honum og bið hann um að byrja upp á nýtt en oftar en ekki er minn orðinn þver og fastur fyrir og á það jafnvel til að kreista fram tár. Þá þarf að dekstra hann með öllum tiltækum ráðum og jafnvel hækka róminn ef óþolinmæðin lætur á sér kræla. Um leið stend ég mig að því að vera að veita neikvæðu hegðuninni, sem ég kallaði í raun yfir mig, óskipta athygli.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sigríður Björg Tómasdóttir
Hönnun: Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésen **Ljósmyndir:** Fréttablaðið
Auglýsingar: Benedikt Jónsson benediktj@365.is



Mægður í heimaprjónuðum peysum. Ullin er í upphaldi enda bæði ódýr og einkar hlý á köldum vetrardögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Slakandi, skapandi og örvandi að prjóna

Solveig Thoroddsen er hefur verið iðin við að prjóna peysur á dóttur sína Sigrúnu. Solveig lærði að prjóna í skóla en tók upp þráðinn á fullorðinsaldri. Hún mælir með prjónaskap í kreppu sem góðæri.

Ég lærði að prjóna í grunnskóla eins og flestir en gerði nú lítið af því að prjóna þar til að ég tók upp þráðinn á fullorðinsaldri,“ segir Solveig Thoroddsen listaskólanemi og móðir tveggja barna. Dóttir hennar Sigrún, fimm ára, er gjarnan í heimaprjónuðum peysum en það var einmitt þegar Solveig eignaðist sitt fyrra barn, Dag, sem í dag er 12 ára, að hún hóf að prjóna. „Ég fór að vera meira heima og það getur verið svo tilvalið að nota tímann heima til þess að prjóna, til dæmis þegar maður situr yfir sjónvarpinu, þá er nú fyrirtak að vera með prjóna í hönd. Svo er svo gaman að sjá flik verða til, það hvetur mann áfram,“ segir Solveig sem var afar fegin við upphaf prjónatíðar sinnar að hafa laghenta mömmu til að leita aðstoðar hjá og góðar vinkonur. „Það er ekki flókið að prjóna en ýmsar tæknilegar útfærslur flæktust fyrir mér í byrjun.“

Solveig segir hægt að hafa yndi af mörgum þáttum prjónaskapar:

„Það er slakandi að prjóna, sérstaklega þegar maður er að prjóna eitthvað einfalt, þá er það næstum því eins og að fara í jóгатíma. Að telja út og gera flóknari hluti krefst hins vegar einbeitingar og reynir á heilann.“ Prjónaskapnum er ekki tómt slökun, honum geta fylgt vöknætur ef því er að skipta. „Ef það er eitthvað spennandi á prjónunum þá á mér til að hlaupa kapp í kinn og prjóna frameftir nóttu.“

Solveig segir fjölbreytnina skemmti-

legasta í prjónaskapnum. „Ég er yfirleitt með nokkra hluti í gangi í einu, kannski eina grófa lopapeysu, eina flóknari flik og eina barnapeysu, þær klárast svo fljótt sem er skemmtilegt.“

